

Samtökin '78
Starfsskýrsla 2017–2018

Lögð fyrir aðalfund 4. mars 2018

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| Formáli formanns..... | 6 |
| Viðburðaannáll 2017–2018..... | 7 |
| 1. Almennt félagsstarf..... | 9 |
| 1.1. Aðalfundur..... | 9 |
| 1.2. Viðburðir tengdir aðalfundi..... | 9 |
| 1.3. Félagsfundir..... | 10 |
| 1.4. Stjórn..... | 10 |
| 1.5. Trúnaðarráð og hagsmunaráð..... | 11 |
| 1.6. Félagslegir skoðunarmenn reikninga..... | 11 |
| 1.7. Fundir stjórnar, trúnaðarráðs og hagsmunaráðs..... | 12 |
| 1.8. Starfshópar og nefndir..... | 12 |
| 1.8.1. Afmælisnefnd..... | 12 |
| 1.8.2. Lagabreytinganefnd..... | 12 |
| 1.8.3. Nefnd um alþjóðlega vernd..... | 12 |
| 1.8.4. Ráðgjafahópur..... | 12 |
| 1.8.5. Starfshópur áhugafólks um kynheilsu, kynfrelsi og BDSM..... | 12 |
| 1.8.6. Starfshópur um að eldast hinsegin..... | 13 |
| 1.9. Hagsmunafélög..... | 13 |
| 1.9.1. BDSM á Íslandi..... | 14 |
| 1.9.2. Félag hinsegin foreldra..... | 14 |
| 1.9.3. Intersex Ísland..... | 14 |
| 1.9.4. Íþróttafélagið Styrmir..... | 15 |
| 1.9.5. HIN – Hinsegin Norðurland..... | 15 |
| 1.9.6. Hinsegin dagar - Reykjavík Pride..... | 15 |
| 1.9.7. Hinsegin kórinn..... | 15 |
| 1.9.8. Q – félag hinsegin stúdenta..... | 16 |
| 1.9.9. Trans Ísland..... | 16 |
| 1.10. Tengdir hópar og félög..... | 17 |
| 1.10.1. AA-deild..... | 17 |
| 1.10.2. Andrými..... | 17 |
| 1.10.3. Ásar á Íslandi..... | 17 |
| 1.10.4. HIV Ísland..... | 17 |

| | |
|---|----|
| 1.10.5. HLDI..... | 18 |
| 1.10.6. Hinseginleikinn..... | 18 |
| 1.10.7. Hinsegin handavinnuklúbbur | 18 |
| 1.10.8. HinUng | 18 |
| 1.10.9. Stelpur rokka! | 18 |
| 1.11. Félög og fyrirtæki tengd hinsegin viðburðum og menningu | 19 |
| 1.11.1. DOB Iceland | 19 |
| 1.11.2. Bears on Ice..... | 19 |
| 1.11.3. Dívugleðin | 19 |
| 1.11.4. Kiki Queer Bar | 19 |
| 1.11.5. Pink Iceland..... | 19 |
| 1.11.6. Draggkeppni Íslands..... | 20 |
| 1.11.7. Drag-Súgur | 20 |
| 1.11.8. Innblástur! Arkestra..... | 20 |
| 2. Fjármál, rekstur og upplýsingamál..... | 21 |
| 2.1. Fjármál | 21 |
| 2.2. Styrkir og þjónustusamningar | 21 |
| 2.3. Komandi rekstrarár | 22 |
| 2.4. Skrifstofa og starfsfólk | 22 |
| 2.5. Húsnæðismál..... | 22 |
| 2.6. Félagatal | 23 |
| 2.7. Upplýsinga- og kynningarmál..... | 23 |
| 2.7.1. Vefsíða | 23 |
| 2.7.2. Facebooksíða | 24 |
| 2.7.3. Twitter-reikningur..... | 25 |
| 2.7.4. Útgáfuverkefni | 25 |
| 3. Verkefni eftir málaflokkum | 27 |
| 3.1. Alþjóðamál..... | 27 |
| 3.1.1. Regnbogakort ILGA-Europe | 27 |
| 3.1.2. Yfirlýsing Evrópuráðsins um mannréttindi intersex fólks | 27 |
| 3.1.3. Workplace Pride-ráðstefna..... | 28 |
| 3.1.4. Communicating and Framing for Social Change..... | 28 |
| 3.1.5. Ársþing ILGA-Europe..... | 28 |
| 3.1.6. Hatursherferð í Tsjetsjeníu – mótmæli við sendiráð Rússlands | 29 |
| 3.1.7. Lögregluofbeldi á gleðigöngu í Ístanbúl..... | 29 |

| | | |
|---------|---|----|
| 3.1.8. | Finnland 100 ára – í regnbogalitum | 30 |
| 3.2. | Félags- og sálfræðiráðgjöf | 30 |
| 3.2.1. | Almennt um félags- og sálfræðiráðgjöfina | 30 |
| 3.2.2. | Markmið með þjónustunni | 30 |
| 3.2.3. | Ráðgjafateymi | 30 |
| 3.2.4. | Almennt um notendur þjónustunnar | 31 |
| 3.2.5. | Skjólstæðingar árið 2017 | 31 |
| 3.2.6. | Stuðningshópar | 32 |
| 3.2.7. | Viðtöl hjá ráðgjöfum árið 2017 | 32 |
| 3.2.8. | Þóknun ráðgjafa - enn þörf á hækkun | 34 |
| 3.2.9. | Símenntun ráðgjafa, tengslamyndun og stuðningur | 34 |
| 3.2.10. | Þróun núverandi þjónustu og utanumhald..... | 34 |
| 3.3. | Fræðsla..... | 35 |
| 3.3.1. | Almennt um fræðslustarfið..... | 35 |
| 3.3.2. | Jafningjafræðslan..... | 35 |
| 3.3.3. | Starfsemi jafningjafræðslunnar | 35 |
| 3.3.4. | Innihald fræðslunnar | 36 |
| 3.3.5. | Fræðsla til fagstétta | 36 |
| 3.3.6. | Þjónustusamningar | 36 |
| 3.4. | Tölfræði fræðslustarfsins | 37 |
| 3.4.1. | Jafningjafræðsla..... | 37 |
| 3.4.2. | Fræðsla fyrir fagstéttir | 37 |
| 3.4.3. | Framtíð fræðslunar | 38 |
| 3.5. | Rannsóknir og fræðasamstarf | 39 |
| 3.5.1. | GLSEN – Könnun á skólaumhverfi..... | 39 |
| 3.5.2. | IGLYO Education Index..... | 39 |
| 3.5.3. | Norræn ráðstefna um mál og kyn..... | 40 |
| 3.6. | Hatursorðræða og -glæpir | 40 |
| 3.6.1. | Ráðstefna Æskulýðsvettvangsins um hatursorðræðu | 40 |
| 3.6.2. | Kærur vegna hatursorðræðu – tvær sakfellingar | 40 |
| 3.6.3. | Líkamsárás í Reykjavík, aukin meðvitund um hatursglæpi | 41 |
| 3.7. | Hælisleitendur og flóttafólk | 41 |
| 3.8. | Lýðheilsa..... | 41 |
| 3.8.1. | Fréttir frá sóttvarnalækni og starfshópi heilbrigðisráðherra..... | 41 |
| 3.8.2. | Tékk á Suðurgötu – Hraðpróf fyrir lifrabólgu C og HIV..... | 42 |

| | |
|--|----|
| 3.8.3. Kynheilsuáttak – fríar kynlífs- og túrvörur | 42 |
| 3.8.4. Starfshópur um heimilisofbeldi sem hinsegin fólk verður fyrir | 42 |
| 3.9. Lögfræðiráðgjöf..... | 43 |
| 3.10. Menning og viðburðir..... | 43 |
| 3.10.1. Bókmenntaklúbbur | 43 |
| 3.10.2. Gallerí '78..... | 44 |
| 3.10.3. Við og vinir okkar – Ljóða- og sagnakvöld..... | 45 |
| 3.10.4. Fríða Agnarsdóttir sæmd heiðursmerki..... | 46 |
| 3.10.5. Minningarstund um Guðna Baldursson..... | 46 |
| 3.10.6. Gleðigönguatriði: Fallin með 47%! | 46 |
| 3.10.7. Jólapingó | 47 |
| 3.10.8. Hinsegin aðfangadagur | 47 |
| 3.10.9. Starfsemi í Regnbogasal félagsmiðstöðvar | 47 |
| 3.10.10. Alþjóðakvöld – International Nights | 48 |
| 3.11. Réttindabaráttta og löggjöf..... | 49 |
| 3.11.1. Aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands - MRSÍ..... | 49 |
| 3.11.2. Hinsegin málefni í stjórnarsáttmála Íslands..... | 49 |
| 3.11.3. Mótun löggjafar og regluverks með þátttöku í nefndum o.fl..... | 49 |
| 3.11.3. Umsagnir um frumvörp, reglugerðir og tillögur | 50 |
| 3.11.4. Kynning fyrir frambjóðendum til Alþingis..... | 51 |
| 5. Málþing um mannréttindi intersex fólks | 51 |
| 3.11.5. Ráðstefnan Undir regnboganum | 52 |
| 3.12. Ungliðar Samtakanna '78..... | 52 |

FORMÁLI FORMANNS

Kæru félagar,

Þann 9. maí næstkomandi verða 40 ár liðin frá stofnun Samtakanna '78. Á þessum árum hefur náðst ótrúlegur árangur í baráttu hinsegin fólks fyrir mannréttindum. Í þá daga voru viðhorfin í þjóðfélaginu slík að margir neyddust hreinlega til að flýja land undan ofsóknum. Langt fram á níunda áratug 20. aldarinnar máttu orðin hommi og lesbía ekki heyrast í útsendingum Ríkisútvarpsins. Þá hefði verið erfitt að ímynda sér að fólk myndi leita hingað um alþjóðlega vernd vegna kynhneigðar eða kynvitundar eða að íslensk ríkisstjórn hefði það yfirlýsta markmið að koma Íslandi í fremstu röð í réttindamálum hinsegin fólks, eins og nú er raunin.

Þessar breytingar hefðu aldrei orðið nema vegna þess að kynslóð eftir kynslóð af baráttufólki hefur risið upp, beitt sér gegn fordómum og fáfræði og krafist virðingar, viðurkenningar og réttarbóta. Á liðnu ári horfðum við til upphafsins þegar Guðni Baldursson, fyrsti formaður félagsins og mikill frumkvöðull í réttindabaráttunni, lést 7. júlí. Fráfall Guðna er mikilvæg áminning um nauðsyn þess að rækta tengslin við eldri kynslóðir og að skrásetja og rannsaka söguna. Því er gleðilegt að í ár hafi komið út fyrsta íslenska rannsóknaritið á sviði hinsegin sagnfræði, Svo veistu að þú varst ekki hér.

En um leið og við gleðjumst yfir árangri í baráttunni er margt sem minnir okkur á að halda baráttunni áfram. Líkamsárás á homma í miðborg Reykjavíkur og hatursfull ummæli á samfélagsmiðlum sem leggja hinsegin fræðslu og barnanið að jöfnu minna okkur á að fordómar og hatur þrífast allt of víða í samfélaginu. Og þótt meðvitund og viðurkenning á trans og intersex fólki fari vaxandi í íslensku samfélagi eru nauðsynlegar réttarbætur fyrir þessa hópa enn ekki í höfn. Sterk hagsmunasamtök leika lykilhlutverk í því að takast á við þessi vandamál.

Fjörutíu árum eftir stofnun þeirra skipta Samtökin '78 enn gríðarmiklu máli, fyrir félagsfólk, hinsegin fólk og samfélagið allt. Átakasamt árið 2016 líður okkur seint úr minni og við megum aldrei gleyma að huga að samstöðu og samkennd hinsegin fólks. Um leið hefur liðið ár sýnt að félagið okkar nýtur virðingar og trausts í samfélaginu og að við höfum bolmagn til að móta umræðuna, vekja athygli á misrétti og breyta viðhorfum – hvort sem það er með táknaðum gjörningum eða formlegum ráðstefnum.

Á árinu hefur mikil vinna verið lögð í að styrkja innviði félagsins og auka stöðugleika í starfsemi. Hún hvílir nú í traustum höndum framkvæmdastjóra og fræðslustýru auk metnaðarfullra sjálfboðaliða. Mikilvægir þjónustusamningar voru undirritaðir og skipta þeir sköpum við að lágmarka óvissu í rekstri. Sérstakt fagnaðarefni er að í samningnum við Reykjavíkurborg er fjármögnun félagsmiðstöðvar ungliða tryggð til þriggja ára. Þar með er margra ára óvissutímabil í ungliðastarfinu loks á enda.

Mikill fjöldi fólks lagði sitt af mörkum í starfsemi félagsins á þessu ári og við gerð þessarar skýrslu. Þeim vil ég tjá innilegar þakkir. Að lokum vil ég bjóða ykkur öllum í afmæliskaffi á 40 ára afmælisdag Samtakanna '78, 9. maí 2018, og til afmælishátíðar í lðnó laugardaginn 23. júní. Ég hlakka til að fagna þessum áfanga með ykkur og horfi bjartsýn fram á veginn. Til hamingju með afmælið!

Reykjavík, 2. mars 2018

María Helga Guðmundsdóttir

VIÐBURÐAANNÁLL 2017–2018

Í annálnum er stiklað á stóru í starfsemi félagsins á starfsárinu. Fyrir aftan hvern viðburð má finna vísun til þess kafla skýrslunnar þar sem um hann er fjallað.

| mars | | kafli |
|------------------|--|--------------|
| 18. mars | Örnámskeið um almenn fundarsköp | 1.2 |
| 18. mars | Aðalfundur | 1.1 |
| 26. mars | Fríða Agnarsdóttir sæmd heiðursmerki Samtakanna '78 | 1.1 |
| apríl | | |
| 13. apríl | Stofnfundur hinsegin bókmenntaklúbbs S78 | 3.10.1 |
| maí | | |
| 5.-7. maí | Mótmælastaða vegna ofbeldisherferðar í Tstjetsjeníu | 3.1.6 |
| 17. maí | IDAHOT-dagurinn. Regnbogakort ILGA-Europe kynnt. Ísland fellur í 17. sæti. | 3.1.1 |
| 19. maí | Aðalfundur Öldrunarráðs Íslands | 1.8.6 |
| júlí | | |
| 1. júní | Félagsfundur – Starfsáætlun kynnt | 1.3 |
| júlí | | |
| 1. júlí | Daníel Arnarsson hefur störf sem framkvæmdastjóri | 2.4 |
| 20. júlí | Minningarstund um Guðna Baldursson | 3.10.4 |
| ágúst | | |
| 8. – 13. ág | Hinsegin dagar | -- |
| 12. ágúst | Gleðigangan | 3.10.5 |
| september | | |
| 21. sept | Tékkdagur – Hraðpróf gegn HIV og lifrabólgu C | 3.8.2 |
| 22. sept | Ráðstefna um hatursorðræðu, formaður S78 tekur þátt | 3.6.1 |
| 23. sept | Sýnileikadagur tvíkynhneigðra | -- |
| 30. sept | Vefurinn Hinsegin frá Ö til A lítur dagsins ljós | 2.7.4 |
| október | | |
| 21.-22. okt | Mál og kyn – norræn ráðstefna | 3.5.3 |
| 26. okt | Dagur meðvitundar um intersex | -- |
| nóvember | | |
| 1.-4. nóv | Árþing ILGA-Europe í Varsjá | 3.1.5 |
| 8. nóv | Samstöðudagur intersex fólks | -- |
| 20. nóv | Minningardagur trans fólks | -- |
| 23. nóv | Félagsfundur: Kjörnefnd og fjárhagsáætlun | 3.2 |
| desember | | |
| 1. des | Alnæmisdagurinn | -- |
| 2. des | Jólabingó | 3.10.7 |
| 24. des | Hinsegin aðfangadagur | 3.10.8 |

febrúar

17. feb Málþing: Mannréttindi intersex fólks – ný nálgun til framtíðar 3.11.5

mars

2. mars Undir regnboganum - ráðstefna um málefni trans barna á Íslandi 3.11.6

1. ALMENNT FÉLAGSSTARF

1.1. AÐALFUNDUR

Laugardaginn 18. mars 2017 kl. 13:00 var haldinn aðalfundur Samtakanna '78 að Suðurgötu 3. Fundurinn skipaði Daníel E. Arnarsson fundarstjóra og Ingu Þóru Ingvarsdóttur fundarritara.

María Helga Guðmundsdóttir formaður kynnti ársskýrslu félagsins. Benedikt Traustason gjaldkeri lagði fram ársreikninga starfsársins 2016–2017 sem voru samþykktir. Því næst lagði gjaldkeri fjárhagsáætlun ársins 2016 fram til kynningar ásamt hálfársuppgjöri fram til 30. júní 2016.

Umfangsmiklar lagabreytingatillögur voru teknar fyrir á fundinum og að mestu leyti samþykktar. Nákvæma útlitun á þeim breytingum er að finna í fundargerð.

Kjör stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna reikninga fór fram með leynilegri atkvæðagreiðslu undir stjórn kjörnefndar, sem skipuð var Alexander Birni Gunnarssyni, Ástu Ósk Hlöðversdóttur og Svandísi Önnu Sigurðardóttur.

María Helga Guðmundsdóttir var ein í framboði til formanns og því sjálfkjörin. Niðurstöður annarra kosninga má nálgast í fundargerð.

Engar umsóknir um hagsmunaaðild bárust innan tilskilins frests.

Önnur mál voru fjögur:

- a) Starfshópur um að eldast hinsegin kynnti tillögur að markmiðum félagsins í málaflokknum. Voru þau samþykkt samhljóða.
- b) Tilkynnt var að Fríða Agnarsdóttir yrði sæmd heiðursmerki Samtakanna '78 sunnudaginn 26. mars.
- c) Ósk Íslenskrar erfðagreiningar um formlegt samstarf við Samtökin '78 um rannsókn á erfðafræðilegum grundvelli kynhneigðar var borin undir atkvæði. Tillagan var felld með öllum greiddum atkvæðum.
- d) Samþykkt var að aðalfundur legði það til við stjórn að bjóða upp á tungumálatúlkun á öllum stærri viðburðum félagsins.

Fundargerð fundarins má nálgast hér:

http://samtokin78.is/images/pdf/Aalfundur_Samtakanna_78_september_2016.pdf

1.2. VIÐBURÐIR TENGDIR AÐALFUNDI

Um morguninn fyrir aðalfund fór fram örnámskeið um fundarsköp í umsjón Daníels Arnarssonar, sem var liður í dagskrá aðalfundar.

Sunnudaginn 19. mars kl. 11–14 var boðið upp á síðbúinn morgunverð, „brunch“ á Suðurgötu 3. Þar voru léttar veitingar á boðstólum og öllum velkomið að koma með eitthvað til að bæta við hlaðborðið.

1.3. FÉLAGSFUNDIR

1. jún 2017 Félagssfundur – Starfsáætlun og nefndir

Stjórn kynnti starfsáætlun sína fram til mars 2018 fyrir félögum og leitaði eftir athugasemdum við hana. Ennfremur var óskað eftir fulltrúm í eftirtaldir nefndir og starfshópa:

- Afmælisnefnd
- Rit- og vefnefnd
- Skemmtinefnd
- Starfshópur um kynlíf, kynfrelsi og BDSM
- Starfshópur hinsegin fólks af erlendum uppruna
- Starfshópur um að eldast hinsegin
- Stuðningshópur fyrir hælisleitendur og flóttafólk
- Lista- og menningarráð

Hópunum og nefndunum var gefinn kostur á að halda stuttan vinnufund og leggja drög að frekara starfi áður en félagssfundinum var slitið.

Fundargerð fundarins má nálgast á vef félagsins:

<https://samtokin78.is/um-felagid/fundargerdir/6165-1-6-2017-felagsfundur>

23. nóv 2017 Félagssfundur – Fjárhagsáætlun, skipun kjörnefndar

Benedikt Traustason gjaldkeri kynnti drög að fjárhagsáætlun komandi árs. Í kjörnefnd voru skipuð Ásta Kristín Benediktsdóttir, Sigurgeir Ingi Auðar-porkelsson og Svanfríður Anna Lárusdóttir.

Fundargerð fundarins má nálgast á vef félagsins:

<https://samtokin78.is/um-felagid/fundargerdir/6164-23-11-2017-felagsfundur>

1.4. STJÓRN

Stjórn Samtakanna '78 var þannig skipuð starfsárið 2017–18:

- María Helga Guðmundsdóttir, formaður
- Sigurður Júlíus Guðmundsson, varaformaður
- Álfur Birkir Bjarnason, ritari
- Benedikt Traustason, gjaldkeri
- Kitty Anderson, alþjóðafulltrúi
- Guðmunda Smári Veigarsdóttir, meðstjórnandi
- Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, meðstjórnandi

Stjórn var kjörin á aðalfundi þann 18. mars 2017. Stjórn fundaði formlega 20 sinnum á starfsárinu og hélt einnig ýmsa óformlega vinnufundi.

1.5. TRÚNAÐARRÁÐ OG HAGSMUNARÁÐ

Trúnaðarráð Samtakanna '78 var þannig skipað starfsárið 2017–18:

- Reynir Þór Eggertsson, formaður (til 5. sept 2017)
- Ingileif Friðriksdóttir, formaður (frá 5. sept 2017)
- Jóhann G. Thorarensen, varaformaður
- Marion Lerner, áheyrnarfulltrúi í stjórn
- Guðjón Ragnar Jónasson, varaáheyrnarfulltrúi
- Alda Villiljós
- Andrés Peláez
- Guðný Guðnadóttir
- Ragnhildur Sverrisdóttir
- Sigríður J. Valdimarsdóttir

Auk tveggja lögboðinna funda með stjórn hélt trúnaðarráð löglega þrjá fundi á starfsárinu, en það er ekki í samræmi við lög félagsins sem gera kröfu um fjóra trúnaðarráðsfundi. Að auki voru haldnir tveir fundir sem ekki uppfylltu lagaleg skilyrði vegna mætingar og/eða fyrirvara á fundarboði. Fundargerðir allra löglegra trúnaðarráðsfunda eru aðgengilegar á vef félagsins.

Hagsmunafélög Samtakanna '78 mega skipa allt að tvo fulltrúa hvert til að taka sæti í hagsmunaráði, sem hefur rétt til fundarsetu á öllum fundum trúnaðarráðs. Hagsmunafélög starfsárið 2017–18 og fulltrúar þeirra voru:

- **BDSM á Íslandi:**
Brynjar Benediktsson og Hrafn Elí Gunnars
- **Félag hinsegin foreldra:**
Bryndís Ruth Gísladóttir og Dýrleif Björk Pálsdóttir
- **HIN – Hinsegin Norðurland:**
María Logn Kristínardóttir Ólafsdóttir
- **Hinsegin dagar:**
Jón Kjartan Ágústsson og Steina Natasha Daníelsdóttir
- **Hinsegin kórinn:**
Anita Rübberdt og Erla Rún Guðmundsdóttir
- **Intersex Ísland:**
Bríet Finnsdóttir
- **Íþróttafélagið Styrmir** (skipaði enga fulltrúa)
- **Q – Félag hinsegin stúdenta:**
Hrefna Ósk Maríudóttir og Heiðrún Fivelstad
- **Trans Ísland:**
Alexander Björn Gunnarsson og Halla Katla

1.6. FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Heiður Björk Friðbjörnsdóttir og Sigurjón Guðmundsson gegndu hlutverkum félagslegra skoðunarmanna reikninga starfsárið 2017–18.

1.7. FUNDIR STJÓRNAR, TRÚNAÐARRÁÐS OG HAGSMUNARÁÐS

Á starfsárinu voru haldnir tveir lögbundnir sameiginlegir fundir stjórnar, trúnaðarráðs og hagsmunaráðs. Sá fyrri fór fram 16. maí 2017 og var helgaður umræðum um hlutverk og samband stjórnar og trúnaðarráðs og starfsáætlun komandi árs. Síðari fundurinn fór fram 23. janúar og var helgaður samantekt á árinu og undirbúningi á gögnum til handa næstu stjórnar og trúnaðarráðs. Fundargerðir beggja funda eru aðgengilegar á vef félagsins.

1.8. STARFSHÓPAR OG NEFNDIR

Nokkrar nefndir og starfshópar hafa starfað á vegum félagsins á árinu. Starfshópar og nefndir eru misvirk frá einum tíma til annars. Sumir eru skipaðir um ákveðin tímabundin verkefni á meðan aðrir eru varanlegri. Nefndir og starfshópar félagsins hafa með sér sameiginleg vinnusvæði á samfélagsvefnum Facebook og hittast í eigin persónu eftir þörfum. Eftirfarandi starfshópar og nefndir voru starfandi starfsárið 2017–18:

1.8.1. Afmælisnefnd

Afmælisnefnd tók til starfa sumarið 2017 og hefur farið með undirbúning afmælishátíðar og afmælisrits. Nefndin var m.a. stjórn til ráðgjafar við ráðningu ritstjóra afmælisrits, Atla Þórs Fanndal, og mun starfa áfram út afmælisárið 2018.

1.8.2. Lagabreytinganefnd

Þann 6. október 2016 var skipuð lagabreytinganefnd Samtakanna '78 á félagsfundi. Áður höfðu sex einstaklingar verið í nefndinni en við hana bættust fimm. Nefndin vann ötullega að lagabreytingatillögum fyrir aðalfund 2017 en skilaði engum breytingatillögum við lög Samtakanna fyrir aðalfund árið 2018. Lagabreytinganefnd er þó enn starfandi og kemur saman þegar þörf þykir.

1.8.3. Nefnd um alþjóðlega vernd

Veturinn 2017-18 hefur nefnd undir forystu formanns félagsins starfað að málefnum hinsegin fólks sem sækist eftir og/eða hlýtur alþjóðlega vernd á Íslandi. Helstu áherslusvið hópsins eru þrjú: (1) að þróa innri verkferla og reglur félagsins þegar kemur að móttöku hælisleitenda og flóttafólks á vettvangi S78, (2) að efla samskipti við Útlendingastofnun, Rauða kross Íslands og aðrar stofnanir og félög sem tengjast þessum málefnum og (3) að skerpa áherslu S78 í hagsmunagæslu og réttindabaráttu á þessu sviði.

1.8.4. Ráðgjafahópur

Starfandi er lokaður vettvangur á Facebook fyrir ráðgjafahóp félagsins þar sem þeir geta rætt starfið og verið í beinu sambandi við stjórn, sem einnig hefur aðgang að hópnum. Hópurinn er lokaður þar sem um faglegt og viðkvæmt starf er að ræða. Hins vegar er félögum velkomið að leggja hópnum til góðar hugmyndir og bjóða fram krafta í formi fagþekkingar. Hópurinn tekur afstöðu til hugmynda og, ef svo ber undir, hvort hann telji æskilegt að bæta fleiri ráðgjöfum við. Hópurinn er einn helsti vettvangur til mótunar ráðgjafarstarfsins. Nánari upplýsingar um ráðgjöfina er að finna í kafla 3.2.

1.8.5. Starfshópur áhugafólks um kynheilsu, kynfrelsi og BDSM

Starfshópurinn var stofnaður í maí 2016 með það að markmiði að auka samtal innan samtakanna um málefni kynheilsu, kynfrelsi og BDSM. Hópurinn lagði mikla áherslu á málefni BDSM-hneigðar í fyrstu en þegar áskorun barst Samtökunum um að beita sér

fyrir að PrEP, fyrirbyggjandi meðferð gegn HIV-smiti, verði gert aðgengilegt ókeypis hér á landi var samþykkt að starfshópurinn myndi koma að því starfi. Í kjölfarið færðust umræðurnar meira í þá átt og stefnt er að því að hópurinn verði mjög virkur í því starfi sem framundan er.

Hópurinn var til ráðgjafar þegar hraðprófunarkvöld til að sporna gegn lífrabólgu C og HIV var haldið í húsnæði Samtakanna 21. september 2017. Stefnt er að því að hópurinn haldi áfram starfsemi sinni og leggi aukna áherslu á kynheilsu og kynheilbrigði.

1.8.6. Starfshópur um að eldast hinsegin

Starfshópur um að eldast hinsegin í íslensku samfélagi var settur á stofn á félagsfundi 6. október 2016. Lítil umræða og þekkingarleysi um málefni eldra hinsegin fólks er áberandi og má því segja að umræðan um þessi mál sé fyrst núna formlega að hefjast. Augljósustu verkefni sem fyrir liggja er aukin fræðsla til umönnunaraðila og þeirra sem koma að stefnumótun innan málaflokksins, aukinn sýnileiki eldra hinsegin fólks, sjálfsprottið félagsstarf eldri félagsmanna og frumrannsóknir á því að eldast hinsegin í íslensku samfélagi. Mun starfshópurinn beita sér fyrir því að samtökin veiti styrki til rannsókna á málaflokknum í tengslum við afmælisárið 2018.

Hópurinn fundaði um það bil mánaðarlega frá því að hann kom fyrst saman í nóvember 2016, en síðla árs 2017 var mánaðarlegum fundum hætt en þó fundað reglulega. Samtökin hafi tekið málefnið upp í fjölmiðlum, sótt aðalfund Öldrunarráðs Íslands þar sem sambandi hafi við komið á m.a. við Reykjavíkurborg og að starfshópur Samtakanna hafi farið á fund starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar um mótun öldrunarstefnu fyrir borgina. Í nýrri öldrunarstefnu verði nú í fyrsta sinn tiltekin málefni eldra hinsegin fólks sem sé fagnaðarefni.

Í september 2017 var sótt um styrk til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Styrkumsóknin kvað á um að Samtökin myndu sækja sér þekkingar á málaflokknum, jafnvel erlendis frá, þá í formi ráðstefnu eða heimsóknar til annarra samtaka sem hafa reynslu af málefnum hinsegin eldra fólks. Markmið verkefnisins er einfalt: „Að kynnast starfi hinsegin eldra fólks og læra af þeim sem hafa reynslu og þekkingu. Síðar meir miðla þeirri þekkingu hingað til Íslands.“ Reykjavíkurborg tók styrkumsóknina fyrir og í febrúar 2018 var samþykkt að styrkja Samtökin um 330.000 kr. sérstaklega til þessa verkefnis.

Því er von á aukinni grósku starfshópsins á núverandi starfsári.

Fréttir Vísis um málefni hinsegin eldra fólks:

<http://www.visir.is/g/2017170318769>,

<http://www.visir.is/g/2017170318706>

Frétt RÚV um málefni hinsegin eldra fólks:

<http://www.ruv.is/frett/hinsegin-eldri-borgarar-fari-aftur-i-skapinn>

1.9. HAGSMUNAFÉLÖG

Greinar 2.4, 2.5, 5.1 og 5.2 í félagslögum Samtakanna '78 kveða á um rétt félaga tengdum hagsmunum samtakanna til að óska eftir því að tengjast félaginu og hafa náið samstarf við það.

Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi er að efla hinsegin samfélagið með því að auka samráð og samhæfingu og skapa vettvang fyrir umræður og skoðanaskipti um málefni hinsegin fólks í víðara samhengi. Hagsmunafélög starfandi á vettvangi Samtakanna '78 starfsárið 2017 til 2018 voru eftirfarandi:

1.9.1. **BDSM á Íslandi**

BDSM á Íslandi var stofnað 20. janúar 1998 og verður því 20 ára á þessu ári. Lengst af var stefna félagsins sú að hvetja fólk ekki sérstaklega til þess að koma út úr skápnunum, heldur að gera hann nógu rúmgóðan fyrir alla. Það gerði það að verkum að lítið fór fyrir eiginlegri réttindabaráttu BDSM fólks og lítið hafði því áunnist fyrstu sautján árin þrátt fyrir aukinn sýnileika BDSM. Landlæknir afnám BDSM úr sjúkdómaskrá embættisins 11. desember 2015 og sóttu félagið um hagsmunaaðild að Samtökunum '78 árið 2016.

Áhersla félagsins á liðnu starfsári hefur verið á fræðslustarf fyrir félagsmenn og hafa fjölmargir erlendir og innlendir fyrirlesarar haldið fjölbreytt erindi fyrir BDSM fólk og aðra áhugasama.

Víða í löndum í kringum okkur er megin barátta BDSM fólks að afnema lög sem gera BDSM ástundum ólöglega. Það er ekki bannað að vera BDSM hneigður eða finnast gaman að BDSM en það er ólöglegt að stunda það. Ekki hefur reynt á lagalega stöðu BDSM fólks hér á Íslandi að því undanskyldu að undirgefið fólk sem orðið hefur fyrir ofbeldi getur átt erfiðara með að fá réttláta málsmeðferð. Fulltrúar úr stjórn félagsins áttu góðan fund með starfsfólki Bjarkahlíðar þar sem þessi mál voru rædd. Það er næstum án undantekninga að félaginu berist ekki ein til tvenn skilaboð á ári, frá fólki sem hefur verið hótáð í forræðisdeilum, tilkynnt til barnaverndar eða ógnað á annan hátt. Það er ekkert sem bannar atvinnurekendum á Íslandi að segja BDSM fólki upp fyrir það eitt að vera fyrir BDSM.

Meðlimum félagsins fjölgaði um 36 á árinu og ein úrskráning barst. Eru skráðir meðlimir nú 89 talsins.

1.9.2. **Félag hinsegin foreldra**

Tilgangur Félags hinsegin foreldra er að leggja grunn að skemmtilegu félagsstarfi þar sem hinsegin foreldrar og börn þeirra geta átt góðar og uppbyggilegar stundir og fengið stuðning hvert frá öðru. Félagið hefur undanfarin ár staðið fyrir ýmsum viðburðum og tekur þátt í gleðigöngu Hinsegin daga ár hvert.

1.9.3. **Intersex Ísland**

Intersex Ísland var stofnað þann 27. júní 2014. Félagið er hugsað sem stuðnings- og baráttusamtök fyrir fólk með ódæmigerð kyneinkenni á Íslandi. Frá stofnun hefur félagið beitt sér fyrir fræðslu um málefni fólks með ódæmigerð kyneinkenni. Þá hefur það beitt sér fyrir því að fjallað sé um kyneinkenni í mannréttindastefnum stofnana og félaga og hafa til að mynda bæði Reykjavíkurborg og Íþróttabandalag Reykjavíkur í kjölfarið tekið tillit til kyneinkenna í mannréttindastefnum sínum.

Félagið hefur veitt starfsfólki ýmissa stofnana fræðslu. Leiddi samstarf við Umboðsmann barna t.a.m. til þess að embættið birti yfirlýsingu vorið 2015 þar sem aðgerðir á kyneinkennum barna eru fordæmdar ef upplýst samþykki einstaklingsins liggur ekki fyrir.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.intersex.is og www.facebook.com/intersexisland

1.9.4. Íþróttafélagið Styrmir

Markmið félagsins frá stofnun þess árið 2006 hefur verið að bjóða upp á íþróttaiðkun þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum er meinaður aðgangur. Þá vilja félagar vera fyrirmyndir fremur en staðalímyndir og telja að sýnileikinn þjóni mikilvægu forvarnarstarfi. Styrmir hefur náð góðum árangri á ýmsum hinsegin íþróttamótum, m.a. á Outgames 2009 í Kaupmannahöfn, Gay Games 2010 í Köln og IGLA sundmótinu 2012 í Reykjavík en félagið sá um skipulag þess og framkvæmd. Styrmir hefur einnig haldið æfingabúðir og mót fyrir erlend lið við góðan orðstír.

Styrmir er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þar með að ÍSí og sívaxandi samstarf er milli Styrmis og íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Styrmir stendur fyrir reglulegum æfingum í ýmsum íþróttagreinum.

Nánar á: www.facebook.com/styrmir.sport

1.9.5. HIN – Hinsegin Norðurland

HIN – Hinsegin Norðurland eru sjálfstætt starfandi samtök hinsegin fólks á Norðurlandi. Samtökin hafa verið starfandi síðan vorið 2011 og eru því tiltölulega ný en fara ört stækkandi. HIN tóku þátt í gleðigöngu Hinsegin daga 2011 og hlutu verðskulduð hvatningarverðlaun fyrir atriði sitt í göngunni. HIN standa einnig fyrir jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlandi, einstaka hópa og hafa það markmið að færa út kvíarnar og fara með jafningjafræðslu í minni skóla víðar um land.

Almennir fundir fara fram í Húsinu í Rósenborg á Akureyri þriðjudaga kl. 19:30 og eru allir velkomnir í fordómalaus umhverfi. Nýlega byrjuðu fundir HIN eldri og hafa fundir verið tvisvar til þrisvar í mánuði og er hugsaður fyrir 20+ ára meðlimi HIN. HIN er búið að vera í nánú samstarfi við framhaldsskólafélagið Freyja. Félagið er einnig með facebook-like síðu undir nafninu HIN - Hinsegin Norðurland þar sem fundir og aðrir viðburðir eru auglýstir og fólki um allt land gefst tækifæri á að spjalla saman.

Nánar á: <https://www.facebook.com/hinsegin> eða í netfanginu hinsegin@hinsegin.net

1.9.6. Hinsegin dagar - Reykjavík Pride

Markmið Hinsegin daga er að halda árlega hinsegin hátíð í Reykjavík og stuðla með starfsemi sinni að vexti og viðgangi hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi. Hinsegin dagar eru í tengslum við erlendar hreyfingar hinsegin hátíða og taka þátt í skipulögðu samstarfi við þær. Félagsaðild er opin öllum sem vilja styðja félagið og vinna að markmiðum þess, einstaklingum og samtökum.

Árið 2017 var hátíð Hinsegin daga útnefnd ein af borgarhátíðum Reykjavíkur 2017-2019. Nánar á www.hinseging dagar.is og www.facebook.com/reykjavikpride.

1.9.7. Hinsegin kórinn

Hinsegin kórinn var stofnaður 2011 og hefur síðan vaxið og dafnað. Markmið kórsins er að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman; vinna að þátttöku hinsegin fólks í menningarlífinu; vera jákvæð fyrirmynd og stuðla að sýnileika hinsegin fólks. Kórinn mismunar hvorki á grundvelli kynhneigðar né kynvitundar og er öllum opin að undangengnum raddprófum sem að jafnaði eru haldin við upphaf haust- og vorannar.

Kórinn kemur reglulega fram við ýmis tilefni, m.a. á árlegum jóla- og vortónleikum sínum, Hinsegin dögum og í Regnbogamessu, svo fátt eitt sé nefnt.

Kórinn er blandaður kór sem leggur ríka áherslu á fjölbreytt lagaval, allt frá íslenskum þjóðlögum til erlendra popplaga. Virkir meðlimir kórsins eru í kringum 60 talsins, ólíkir einstaklingar á ýmsum aldri sem eiga það sameiginlegt að elska að syngja og skemmta sér saman.

Það er alltaf nóg að gera hjá kórnum en hann er nýkominn af fyrsta hinsegin kóramóti Norðurlandanna, sem haldið var í Helsinki í september síðastliðnum. Framundan er svo evrópska hinsegin kóramótið Various Voices, sem haldið verður í München í Þýskalandi í maí 2018.

Kórstjóri er Helga Margrét Marzellíusardóttir og formaður er Hugrún Ósk Bjarnadóttir. Nánar á: www.hinseginkorinn.is og www.facebook.com/hinseginkorinn

1.9.8. Q – félag hinsegin stúdenta

Q-félagið tekur virkan þátt í umræðu um hinsegin málefni og hefur beitt sér fyrir bættri stöðu hinsegin fólks hér á landi. Félagið hefur að mestu haft aðsetur hjá Samtökunum '78 undanfarin ár, haldið þar fundi og viðburði og haft geymsluaðstöðu.

Markmið félagsins eru: að gefa hinsegin (LGBTQIA+) stúdentum tækifæri til að hittast, veita þeim stuðning og auka samheldni þeirra; vera sýnilegt afl innan Háskólans og í forsvari þegar málefni hinsegin einstaklinga ber á góma; beita sér í réttindabaráttu hinsegin fólks innan og utan háskóla; stuðla að auknum sýnileika hinsegin hópa í kennsluefni, að aukinni fræðslu, kennslu, umræðu og rannsóknnum um hinsegin málefni innan sem flestra deilda háskóla, fyrir bæði nemendur og kennara.

Allir eru velkomnir á viðburði Q-félagsins, en félagið er sérstaklega ætlað fólki sem annað hvort stundar nám eða starfar við háskóla, og/eða er á aldrinum 18-30 ára. Þó svo Q sé félag hinsegin stúdenta, er fólk sem ekki er hinsegin gjaldgengt í félagið og hvatt til að taka þátt í starfi þess. Félaginu er ætlað að vera óþvingaður vettvangur fyrir tengslamyndun, félagslíf og aktívisma.

Q-félagið hefur staðið fyrir vísindaferðum í samráði við framkvæmdastjóra Samtakanna. Átta nemendafélög frá Háskóla Íslands hafa heimsótt Samtökin á árinu 2017.

Q-félagið heldur vikulega viðburði á föstudagskvöldum, en upplýsingar um hvern viðburð má finna á Facebook síðu félagsins, www.facebook.com/Qfelag. Félagið heldur einnig úti heimasíðu, www.queer.is.

1.9.9. Trans Ísland

Trans Ísland var formlega stofnað þann 15. febrúar 2007. Félagið er ætlað sem stuðnings og baráttusamtök trans fólks á Íslandi og hefur átt virkan þátt í að bæta hag trans fólks hérlendis, þar á meðal með því að beita sér fyrir bættri heilbrigðisþjónustu, fræðslu, lagabreytingum og almennri vitundarvakningu. Félagið er einnig hugsað sem stuðningssamtök fyrir trans fólk og heldur reglulega félagslega viðburði auk þess að fara með fræðslu á ýmsa staði, t.d. í skóla, fyrirtæki og önnur félagsamtök.

Trans Ísland er með hagsmunaaðild að Samtökunum '78 og heldur reglulega viðburði þar en einnig er félagið með aðild að IGLYO og TGEU þar sem við þau fá tækifæri til að vinna með öðru trans og hinsegin fólki á alþjóðavettvangi.

Nánari upplýsingar um félagið er hægt að finna á: www.transisland.is og www.facebook.com/transisland eða með því að hafa samband við stjórn á stjorn@transisland.is

1.10. TENGDIR HÓPAR OG FÉLÖG

Ýmsir aðrir hópar og félög starfa með það að markmiði að berjast fyrir réttindum, styðja við hinsegin fólk og aðstandendur, veita félagsskap og skemmtun, hlúa að menningu og fræða. Listinn er ekki endilega tæmandi.

1.10.1. AA-deild

Hinsegin AA-fundir eru haldnir hvern sunnudag kl. 13 í húsi AA-samtakanna, Tjarnargötu 20, A-sal á fyrstu hæð. Fundina sækir hinsegin fólk á öllum aldri og hefur þessi deild lifað góðu lífi um árabil. Síðasti fundur mánaðarins er ævinlega svokallaður sporafundur, þá er eitt af reynslusporunum tólf lesið og rætt. Talsvert er um félagslíf í deildinni, sólstöðuveislur tvisvar á ári og lítt skipulagður kaffihúshittingur eftir fundi.

Hér er um að ræða arftaka gay-deildar sem kölluð var upphaflega „Deildin okkar“, stofnuð 1984 og starfaði í Ingólfsstræti uns hún fluttist í húsnæði Samtakanna '78 á Lindargötu 49 árið 1987 og þaðan á Laugaveg 3 árið 1990. Hún fundaði á þriðjudögum kl. 21. Um skamman tíma voru tvær hinsegin deildir starfandi, önnur á Laugavegi 3 á þriðjudagskvöldum en hin í Tjarnargötu 20 á sunnudögum, uns sú í húsnæði Samtakanna lognaðist út af, sennilega árið 2010.

Samfleytt AA-starf hinsegin fólks er með öðrum orðum eitt hið elsta og langlífasta í sögu hreyfingarinnar, og raunar var haldið upp á 30 ára afmælið á Hinsegin dögum 2014. Deildin á Tjarnargötu 20 er auglýst í fundarskrá AA sem er að finna á www.aa.is eða á www.gula.is

1.10.2. Andrými

Andrými er róttækt félagsrými sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. Andrými er miðstöð grasrótarstarfsemi í Reykjavík og vettvangur fyrir alls konar fólk til að koma saman og mynda samfélag, funda, halda viðburði, afla sér þekkingar og skipuleggja baráttu í gegn mismunun og kerfisbundinni kúgun. Auk þess býður Andrými þeim sem eiga sér engan griðastað öruggan stað til að vera á yfir daginn. Andrými hefur lagt sérstaka áherslu á að bjóða öruggt rými fyrir hinsegin fólk og átt í góðu samstarfi við Samtökin '78 og fleiri hinsegin félög. Heimasíða Andrýmis er www.andrymi.org

1.10.3. Ásar á Íslandi

Þann 25. febrúar 2018 var félag eikynhneigðra, Ásar á Íslandi, stofnað í húsnæði Samtakanna '78 á Suðurgötu 3. Samtökin '78 hlakka til frekara samstarfs við þetta unga félag. Áhugasömum er bent á að fletta upp „Asexual á Íslandi“ á Facebook.

1.10.4. HIV Ísland

Samtökin '78 og HIV-Ísland eiga í mikilvægu og góðu samstarfi við hina ýmsu félagahópa og einstaklinga bæði innanlands sem utan um HIV-málefnið og baráttuna gegn fordómum og vanþekkingu sem hefur verið svo mikil í áratugi.

Samstarfsfundir um fræðslu og forvarnir meðal homma og fræðslufundir ungliðahreyfingar hafa verið haldnir skipulega í gegnum árin. Fulltrúar HIV-samtakanna og S78 hittast reglulega og bera saman bækur sínar og helstu nýngar síðustu misserin eru hraðgreiningarprófin sem eru vonandi að verða aðgengileg almenningi og forvarnarlyfið Truvada gegn HIV, PrEP.

Nánar um félagið hér: www.hiv-island.is

1.10.5. **HLDI**

Samtök heyrnarlausra lesbía og homma, H.L.D.I voru stofnuð 13. ágúst 1994 og er sjálfstæður félagsskapur með það að markmiði að standa vörð um réttindi og baráttumál samkynhneigðra og tvíkynhneigðra heyrnarlausra.

1.10.6. **Hinseginleikinn**

María Rut Kristinsdóttir og Ingileif Friðriksdóttir stofnuðu Snapchat-rásina Hinseginleikann þann 15. júní 2016, sem nú er orðin að nokkur þúsund manna fræðsluvettvangi. Þangað koma nýir gestasnapparar í hverri viku og segja frá sér og sínum hinseginveruleika. Frá því að snappið var stofnað hafa hátt í 200 manns verið gestasnapparar. Á snappið hefur komið fólk á öllum hinsegin skalanum og sömuleiðis foreldrar og aðstandendur hinsegin einstaklinga svo eitthvað sé nefnt. Í desember fékk Hinseginleikinn heiðursviðurkenningu Kynfræðifélags Íslands fyrir framúrskarandi starf á sviði kynfræðslu.

Fylgist með *hinseginleikinn* á Snapchat!

Nánari upplýsingar: <https://www.facebook.com/hinseginleikinn/>

1.10.7. **Hinsegin handavinnuklúbbur**

Hinsegin handavinnuklúbburinn hóf göngu sína árið 2015 sem hinseginvænt umhverfi fyrir alls kyns handavinnu. Fyrri hluta ársins 2016 hittist klúbburinn annan hvern sunnudag hjá Samtökunum '78 og hefur haldið áfram að hittast við og við síðan þá. Öllum áhugasömum um að þrjóna, hekla eða fönðra annað í góðum hinsegin félagsskap er bent á Facebook-hóp klúbbsins, sem ber heitið Hinsegin handavinnuklúbbur.

1.10.8. **HinUng**

HinUng er hópur fyrir hinsegin fólk á aldrinum 18-25 ára. Félagið var stofnað í desember 2016 en komst loksins af stað seint í janúar 2017 hefur hist reglulega í Regnbogasalnum á laugardögum.. Markmið hópsins er að brúa bilið milli Ungliða Samtakanna '78 og Q-félagsins og áhersla er lögð á trúnað, virðingu og traust.

1.10.9. **Stelpur rokka!**

Stelpur rokka! eru sjálfboðaliðarekin samtök sem starfa af femínískri hugsjón við að efla ungar stelpur og trans og intersex krakka í gegnum tónlistarsköpun. Kjarninn í starfinu eru rokksumarbúðirnar, þar sem þátttakendur læra á hljóðfæri, spila saman í hljómsveit, kynnast farsælum tónlistarkonum, fræðast um ýmsar hliðar tónlistar og jafnréttissbaráttu og koma fram á lokatónleikum fyrir framan fullan sal vana og fjölskyldu. Alls hafa yfir 500 stelpur, konur, trans og kynsegin einstaklingar tekið þátt í rokkbúðum Stelpur rokka! síðastliðin 6 ár og myndað yfir 100 hljómsveitir.

Samstarf Stelpur rokka! og Samtakanna '78 hófst árið 2016. Á liðnu starfsári héldu Stelpur rokka! vinnusmiðju í raftónlistarsköpun í hinsegin félagsmiðstöð ungliða S78

sem gerði mikla lukku. Gagnkvæm ánægja er með samstarfið og stefnt er að því að efla það enn frekar á komandi ári. Nánari upplýsingar á www.stelpurrokka.org

1.11. FÉLÖG OG FYRIRTÆKI TENGD HINSEGIN VIÐBURÐUM OG MENNINGU

Félögin eru af ýmsum toga en eiga það öll sameiginlegt að skapa hinsegin fólki vettvang til félagsskapar og skemmtunar. Þau eru virkur þáttur í hinsegin samfélaginu, auðga menninguna og hleypla lit í lífið. Listinn er ekki endilega tæmandi.

1.11.1. **DOB Iceland**

Dykes on Bikes® Iceland er klúbbur lesbískra kvenna með próf á stór mótörhjól. Frá upphafi hafa lesbíur á mótörhjólum leitt gleðigönguna niður Laugavegin á Hinsegin dögum eins og tíðkast í Gay Pride göngum um allan heim. Það var þó ekki fyrr en í ágúst 2009 sem þær loksins stofnuðu með sér klúbb og sóttu um inngöngu í alþjóðlegu mótörhjólasamtökin Dykes on Bikes®. Alþjóðleg skilyrði fyrir inngöngu eru þau að viðkomandi sé með próf á stórt mótörhjól og sé yfirlýst lesbía, s.s. Dyke on Bike.

1.11.2. **Bears on Ice**

Bears on Ice er non-profit viðburður skipulagður af áhugasömum sjálfbóðaliðum sem vilja auka fjölbreytileika íslensku gay senunnar og fá til landsins nýjustu strauma í tónlist og skemmtun.

Bears on Ice hafa leitast við það í gegnum tíðina að nýta og kynna bleika hagkerfið, þ.e. að beina viðskiptum til fyrirtækja sem eru „gay-owned or operated“ eins og það kallast. Ekki bara varðandi þessa hátíð heldur einnig á gayice.is upplýsingaveitunni sem hópurinn rekur einnig. Bears on Ice studdu Samtökin '78 dyggilega meðan þau voru á Laugavegi 3. Eftir viðburðinn 2015 vildi hópurinn styrkja frábært starf HIV Ísland og gaf þá 400.000 kr. og aftur 2016 gaf hann 300.000 kr. til HIV Ísland. Árið 2017 endurtóku Bears on Ice leikinn og náðu að styrkja HIV Ísland um 300.000 krónur. Áætlað er að halda næsta viðburð í ágúst 2018. Sjá nánar á <https://bearsonice.org/>

1.11.3. **Dívugleðin**

Hin sívinsæla dívugleði er nokkurs konar árshátíð hinsegin kvenna. Dívugleðin var síðast haldin á Nauthól 18. nóvember 2017 með pompi, prakt og mikilli stemmningu. Samtökin '78 tóku virkan þátt í að kynna gleðina og flutti María Helga formaður ræðukorn í veislunni.

1.11.4. **Kiki Queer Bar**

Kiki Queer Bar er hinsegin skemmtistaður á hýrasta horninu í Reykjavík, Laugavegi 22, en húsið á sér langa sögu sem einskonar annað heimili hinsegin fólks. Kiki býður upp á góða tónlist, skemmtun og vinalegt andrúmsloft og er opið um helgar en býður einnig upp á einkasamkvæmi og viðburði af ýmsu tagi. Kiki hefur stutt Samtökin og átt í góðu samstarfi við þau um ýmsa viðburði og annað í gegnum tíðina. Einnig fá félagar í Samtökunum '78 afsláttarkjör hjá Kiki. Nánar á: www.kiki.is

1.11.5. **Pink Iceland**

Pink Iceland sérhæfir sig í skipulagningu ferða, afþreyingar, viðburða og brúðkaupa fyrir hinsegin ferðamenn. Pink Iceland býður upp á sérsniðnar „hinsegin ferðir“ þar sem er lagt upp með fordómalaust viðmót í samstarfi við útvalda aðila sem geta uppfyllt kröfur fyrirtækisins. Fyrirtækið tekur að sér skipulagningu brúðkaupa,

brúðkaupsferða og öllu því sem því tilheyrir. Pink Iceland sér um skipulagningu Rainbow Reykjavík, sem er árleg hinsegin vetrarhátíð. Pink Iceland vann til Nýsköpunarverðlauna SAF árið 2012 og er stoltur aðili að IGLTA (International Gay and Lesbian Travel Association). Hjá fyrirtækinu starfa nú 10 starfsmenn.

1.11.6. **Draggkeppni Íslands**

Draggkeppni Íslands fer fram árlega í Hörpu. Dragg er trúlega eitt elsta form leiklistar sem þekktist í heiminum og er sprottið upp frá þeim tímum er konum var meinaður aðgangur að því að koma fram á sviði í leiksýningum, sem gerði það að verkum að öll hlutverk kvenna í leikritum voru leikin af karlmönnum. Nú í dag keppast konur og karlar um að verða kóngur og drottning Íslands ár hvert. Draggkeppni Íslands féll niður árið 2016 en stefnt er að því að hún verði endurvakin á næstu árum.

1.11.7. **Drag-Súgur**

Drag-Súgur er grasrótahópur listamanna og skemmtikrafta sem hefur staðið fyrir fjölbreyttum mánaðarlegum sýningum, auk þess að koma að hinum ýmsu uppkomum, uppistöndum og skemmtunum með dragi, söng, leik og gleði síðan í nóvember 2015. Árið 2017 skipulagði hópurinn fjölda viðburða og byrjaði á nýjung er kallast Drag-Lab en þar geta nýjar dragdrottningar og dragkóngar sýnt listir sínar.

Nánar á: www.facebook.com/dragsugur og <https://dragsugur.wordpress.com/>

1.11.8. **Innblástur! Arkestra**

Innblástur! Arkestra er samfélagslega meðvituð götusveit sem er opin fyrir þátttöku allra, óháð kunnáttu, kyni, uppruna, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, fötlun, efnahagi og öðrum þáttum sem geta verið jaðarsetjandi. Innblástur! Arkestra er aktívistaband sem tekur þátt í að skapa réttlátara samfélag fyrir alla með öllum tiltækum ráðum, til að mynda með þátttöku í mótæmum og öðrum viðburðum sem miða að auknu samfélagslegu réttlæti eða með því að spila á viðburðum sem hafa það sama markmið. Ennfremur spilar bandið á götum úti þar sem tónlistin er aðgengileg öllu fólki og tónlistarfólkið er í návígi við áheyrendur.

Í öllu starfi Innblásturs! Arkestru er lögð áhersla á að fólk sem er í aukinni hættu á að upplifa jaðarsetningu sé öruggt og sem minnst hættu sé á að það verði fyrir rasisma, ableisma, heterosexisma, cis-sexisma eða annarri áreitni eða misrétti vegna stöðu sinnar.

Engin stjórn er í Innblæstri! Arkestru. Ákvarðanir eru teknar í samráði allra meðlima þar sem rætt er opinskátt um það sem ræða þarf hverju sinni.

Hljómsveitin flutti æfingaaðstöðu sína frá Suðurgötu 3 og æfa nú frístundaheimilinu hjá Laugarnesskóla á miðvikudögum kl. 20.

Nánar hér: <https://www.facebook.com/innblastur>

2. FJÁRMÁL, REKSTUR OG UPPLÝSINGAMÁL

2.1. FJÁRMÁL

Rekstur ársins 2017 var í jafnvægi og skilar félagið um það bil sama tapi líkt og árið áður. Óvænt útgjöld voru minniháttar en þó ber helst að telja viðhald á húsnæði og lagfæring á rakaskemmdum. Engar stórvægilegar fjárfestingar voru á árinu 2017.

Bókari félagsins, Gerða Bjarnadóttir, sagði upp störfum vegna anna. Í stað hennar hefur verið ráðinn Gunnar Gunnarsson hjá Bókhaldsstofunni Urðarási. Þökkum við Gerðu innilega fyrir störf sín og óskum við henni velfarnaðar á öðrum vettvangi.

2.2. STYRKIR OG ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

Samtökin '78 hafa ekki verið á fjárlögum á ríkinu heldur fengið greiðslu úr safnlið Velferðarráðuneytisins sem heyrir undir félags- og jafnréttismálaráðherra. Mikil vinna hefur verið lögð í það að Samtökin fái samning við ráðuneytið. Sú vinna hefur borið vissan árangur en fyrrum ráðherra félags- og jafnréttismála sendi inn viljayfirlýsingu til ráðuneytisins um að við Samtökin verði samið. Áætlað var að samningur yrði tilbúinn fyrir mánaðarmót febrúar/mars 2018 en mögulega tefst það til miðjan mars.

Vegna þess að viljayfirlýsing liggur fyrir um samning hafa Samtökin ekki fengið greitt af safnlið ráðuneytisins. Af þessum sökum hafa Samtökin því ekki þegið neina greiðslu frá ríkissjóði Íslands á árinu 2018. Á árinu 2017 fengu Samtökin sex milljónir úr ríkissjóði, af áður nefndum safnlið.

14. desember var skrifað undir nýjan samning við Hafnarfjarðarbæ sem hljóðar upp á 875.000 kr. Samningurinn felur í sér að starfsfólk sem er að hefja vinnu við grunnskóla bæjarins fá sérstaka fræðslu um hinsegin mál, en áður hafa kennarar grunnskóla bæjarins fengið slíka fræðslu frá Samtökunum og því er aðeins nýtt starfsfólk sem fær fræðslu á núverandi skólaári, þ.e. 2017-2018, og það útskýrir lækkan krónutölnunar. Í samningnum er sérstaklega kveðið á um að hafnfirsk ungmenni fái aðgang að ráðgjafarþjónustu Samtakanna sem Hafnarfjarðarbær greiðir fyrir. Einnig er samið um sérstaka jafningjafræðslu til allra 8. bekkinga í grunnskólum bæjarins og aukinheldur er í samningi fræðsla til starfsfólks leikskóla Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem er nýlunda í samningum Samtakanna við sveitarfélag.

Skrifað var undir nýjan þjónustu- og fræðslusamninga við Reykjavíkuborg 24. janúar. Í fræðslusamningi er kveðið á um að Samtökin '78 sinni áframhaldandi hinsegin fræðslu í öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar en um hinseginfræðsluna var samið árið 2014 og því er um framhald á sömu fræðslu að ræða. Að þessu sinni er einnig samið um sérstaka hinseginfræðslu til starfsfólks leikskóla höfuðborgarinnar. Aukinheldur er samið um að Samtökin sinni jafningjafræðslu til nemenda grunnskóla borgarinnar líkt og áður.

Þessi fræðslusamningur við Reykjavíkuborg er umtalsvert stærri en áður og heyrir upp á 6,2 milljónir á ári. Með þessu aukna rekstrarfé er búið að tryggja hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna, sem er samstarfsverkefni Samtakanna '78 og frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, nægt rekstrarfé til að vera rekin út árið 2020. Þetta er í fyrsta skipti sem samið er sérstaklega um hinsegin félagsmiðstöðina.

Meðfram fræðslusamningnum var undirritaður þjónustusamningur upp á 2,5 milljónir króna, en í honum er tryggt að íbúa Reykjavíkurborgar geti leitað sé ráðgjafar hjá Samtökunum sér að

kostnaðarlausu, að stuðningshópar séu starfræktir fyrir unglinga og börn, og að lokum að Samtökin '78 geti sinnt daglegum rekstri sínum.

2.3. KOMANDI REKSTRARÁR

Árið 2017 var gott og stöðugt. Samtökin '78 eru skuldlaus og eigið fé þeirra er jákvætt. Eignastaða er jafnframt sterk. Stærtsu verkefni á árinu 2018-2019 eru að semja við Velferðarráðuneytið, endursemjja við Hafnarfjarðarbæ, ná vonandi inn fleiri sveitarfélögum að samningarborðinu og einnig að tryggja Samtökunum umtalsvert meiru rekstrarfé en síðustu ár því verkefnastaðan er ærin. Samtökin vilja fjölga starfsfólki og taka við fleiri verkefnum, en vegna fjárskorts síðustu ára, niðurgreiðslu skulda og fleira þá liggja mörg verkefni niðri eða eru í dvala. Á árinu 2018 viljum við sjá fjárhagslega sterkara félag öllu hinsegin fólki í hag.

2.4. SKRIFSTOFA OG STARFSFÓLK

Helga Baldvinsdóttir Baldursdóttir tók við 100% starfi sem framkvæmdastýra Samtakanna '78 1. janúar 2017. Hún sagði starfi sínu lausu í maí og vann á uppsagnarfresti til júniloka. Í samráði við mannauðsráðgjafa sem aðstoðuðu stjórn við ráðningu Helgu var Daníel E. Arnarsson ráðinn eftirmaður hennar. Daníel hóf störf 1. júlí 2017.

Verkefni framkvæmdastjóra lúta meðal annars að daglegum rekstri þjónustu- og félagsmiðstöðvar, þjónustu við félagsmenn, fjármálastjórn, innheimtu og fjáröflun í samvinnu við gjaldkera, almannatengslum og hagsmunagæslu gagnvart löggjafa og öðrum stofnunum samfélagsins.

Í upphafi árs var ráðningarsamningur við fræðslustýru félagsins, Sólveigu Rós, endurnýjaður og hún ráðin í 50% starf til 31. desember 2018. Sér fræðslustýra um skipulag fræðslustarfs, utanumhald með jafningjafræðslu og þróun fræðsluefnis á vegum félagsins.

Starfsfólk og stjórn félagsins hafa notið þess að með þeim hafa starfað öflugir sjálfboðaliðar sem hafa verið boðnir og búnir að taka að sér fjölda verkefna. Það er brýnt að koma málum þannig fyrir að hægt verði að umbuna betur fyrir þessi störf – og flytja þungann og ábyrgðina í meira mæli yfir á herðar launaðs starfsfólks. Aukið starfsmannahald skiptir sköpum við það að tryggja sjálfbærni og samfellu í rekstrinum, auka yfirsýn og drifkraft og létta álagi af sjálfboðaliðum.

2.5. HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæði Samtakanna '78 að Suðurgötu 3 heldur áfram að blómstra og þróast í takt við þarfir félagsins. Nokkuð hefur borið á framkvæmdum í Suðurgötu, meðal annars hefur töluverð vinna farið í að hljóðeinangra ráðgjafaherbergi og lagfæra rakaskemmdir á vegg við salerni húsnæðisins. Pallur við bakdyr hússins var brotinn niður og hreinsaður, og bíður nú múrs og flísalagningar í sumar. Húsnæðið var málað að innan og undirbúningur stendur yfir við lagningu gólf- og vegghornalista. Gott samráð er haft við Helga Steinar Helgason arkitekt.

Húsfélagið að Suðurgötu 3 leitar nú tilboða í að laga pípulagningar á efri hæðum hússins en vegna aldurs og ástands þarf að skipta út lögnum. Þetta krefst töluverðrar vinnu og fjármuna. Samtökin munu ekki verða fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þessa en hússjóður mun greiða viðgerðirnar. Ástandið utanhúss er orðið heldur slappt. Mála þarf húsið að utan með tilheyrandi kostnaði. Einnig þarf að lagfæra glugga á efri hæðum, en það er langtíma verkefni sem ekki sér fyrir endann á. Samtökin '78 munu laga þakrennur við húsið ásamt því að steypa ofan í holu sem myndast hefur við ruslatunnur sunnan megin við húsið, áætlað er að klára það verk fyrir sumar.

Talsverð vinna hefur farið í að taka til í kjallaranum og grisja eigur félagsins, koma gömlum gögnum í trygga vörslu á Borgarskjalasafninu og gefa eða farga því sem ekki kemur lengur að notum. Mikil vinna var lögð í að endurskipuleggja kjallarann en þeirri vinnu er ekki lokið ennþá.

Elísabet Thoroddsen var ráðinn í starf húsvarðar til að sinna þrifum, innkaupum og bókunum fyrir Regnbogasalinn. Með auknum umsvifum og notkun húsnæðisins er mikil þörf á reglulegum þrifum og tryggum innkaupum. Vegna anna sagði Elísabet upp seint á árinu 2017 og í hennar stað ráðin Védís Mist Agnadóttir, sinnir hún nú þrifum og innkaupum en bókanir á sal hafa aftur verið færðar undir framkvæmdastjóra.

2.6. FÉLAGATAL

Félagar sem greiddu félagsgjöld á árinu 2017 fækkaði úr 710 niður í 533, og er vel í samræmi við árið 2015 en þá greiddu 501. Því má segja að 2016 hafi verið ákveðinn toppur vegna hitamála í kringum kosningar á því ári. En nú virðist jafnvægi vera komið á varðandi félagsgjöldin.

Skráðum félögum fækkaði lítillega á milli ára, sem var fyrirséð, og fara úr 1.330 árið 2016 niður í 1.316 á árinu 2017, sem er fækkun fjórtan félaga. Eins og segir áður þá skráðu margir sig í Samtökin á árinu 2016 eða um 210 manns. Árið 2015 voru félagar 1.120 og því virðist aftur vera komið ákveðið jafnvægi á félagaskráningu.

Meðalaldur félagsfólks er 41 ár, sem er sami meðalaldur og á árinu 2016.

Um áramót 2017–2018 tók stjórn ákvörðun um að hækka almenn félagsgjöld lítillega annað árið í röð, úr 5.400 kr. í 5.900 kr. Afsláttargjöld eru nú: 2.900 kr. fyrir eldri borgara, öryrkja, og nema. Einstaklingar undir átján ára greiða enn aðeins 1.500 kr. Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda ársins 2018 hafa verið sendir út.

Heildartekjur félagsins af félagsgjöldum árið 2017 námu kr. 2.398.760 kr.

2.7. UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL

Samtökin '78 halda úti vefsíðu sinni samtokin78.is ásamt samfélagsmiðlum á borð við Facebook síðuna facebook.com/samtokin78 og Twitter síðuna twitter.com/samtokin78. Þá nýta Samtökin fréttabréf sem sent er á félagsmenn sem hafa skráð sig á póstlista í á vef Samtakanna.

Almennt er þörf á því að marka skýrari stefnu í upplýsinga- og útgáfumálum – stefnu sem þjónar starfsemi og stuðlar að varðveislu gagna. Mikilvægi söfnunar, varðveislu og miðlunar á upplýsingum í félagsstarfinu, bæði inn á við og út á við, er óumdeilt, en önnur brýn rekstrarverkefni hafa valdið því að ekki hefur verið hægt að sinna upplýsingamálum sem skyldi.

2.7.1. Vefsíða

Vefsíða félagsins mun taka töluverðum breytingum á árinu 2018. Samtökin sömdu við Rafn Steingrímsson að smíða nýjan vef sem fellur að nútímakröfum. Vefur Samtakanna hafði ekki verið uppfærður síðan 2015, en ávallt var haldið vel utan um hann undir umsjón Páls Guðjónssonar. Er Páli sérstaklega þakkað fyrir óeingingjarnt framlag á síðustu árum.

Á vefsíðunni eru reglulega birtar fréttir úr starfsemi, auk helstu upplýsinga um þjónustu á vegum félagsins. Á nýjum vef verður þjónustuhluta gert hærra undir höfði, ásamt því að gera henni betur skil. Að uppfæra vef er langtíma verkefni og mun

endanleg mynd nást um mitt ár 2018, þegar allt efni og viðbótum hefur verið bætt við.

Unnið verður markvisst að því að birta meira efni á öðrum tungumálum en íslensku. Vefurinn sinnir tvíþættu hlutverki, að koma skilaboðum og upplýsingum á framfæri en einnig að vera heimild fyrir pistla, ræður og greinar sem hafa birst í gegnum árin.

2.7.2. Facebooksíða

11. mars 2017 var fjöldi þeirra sem líkuðu við Facebook síðu Samtakanna 5.623 manns. Rétt tæpu ári síðar þegar þetta er ritað, 23. febrúar 2018, er fjöldi þeirra sem líkar við síðu Samtakanna á Facebook komin í 6.001, og hefur því aukist um tæp 7% á innan við einu ári.

Aukningin hefur verið tiltörulega jöfn á árinu en þó má taka eftir ákveðinni uppsveiflu í kringum Reykjavík Pride.




Mynd: Heildarfylgjendafjöldi síðunnar frá mars 2017 til febrúar 2018.



Mynd: Breytingar á fylgjendafjölda frá mars 2017 til febrúar 2018.

63% fylgjenda síðunnar eru tilgreindir sem konur, 35% tilgreindir sem karlar og því 2% sem skilgreina sig öðruvísi og/eða tilgreina ekki kyn á Facebook. Aldursdreifingin er svipuð eftir kyni, en rúmur helmingur fylgjenda síðunnar eru á bilinu 25–44 ára.



Mynd: Fylgjendafjöldi eftir kynjum og aldri.

Facebook-síðan er eitt helsta tækið í upplýsingamiðlun samtakanna. Áframhaldandi vinnu er þörf við mótun ritstjórnarstefnu fyrir vef og Facebook-síðu félagsins.

2.7.3. Twitter-reikningur

Twitter-síða félagsins hefur verið notuð við ýmis tækifæri á árinu. Auk reglubundinna uppfærslna úr starfi félagsins hefur hún verið notuð til að halda úti beinu tísti af ýmsum viðburðum heima og heiman. 807 manns fylgjast með Twitter-uppfærslum félagsins.

2.7.4. Útgáfuverkefni

Fræðslubæklingur

Önnur prentun af fræðslubæklingnum „Hvað er hinsegin?“ er enn í dreifingu, en hvor prentun hefur talið 4000 eintök.

Fræðslumyndbönd – Ég er ég

Á haustmánuðum 2015 lauk framleiðslu fræðslumyndbanda sem í vinnuferlinu voru nefnd „Stattu með“ en hlutu að endingu nafnið „Ég er ég“. Fyrstu fjögur myndböndin voru birt á Facebook og YouTube á árinu 2016, en þau fjalla um lesbíur, intersex fólk, tvíkynhneigt fólk og merkimiðana sem við burðumst með. Vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna varð að fresta birtingu hinna myndbandanna fjögurra, sem fjalla um homma, pankynhneigt fólk, trans fólk og áhrif fordómfullrar orðræðu. Úrvinnslu á þeim aðstæðum er lokið og verða myndböndin birt á vordögum 2018.

Þau sem unnu að myndböndunum eru:

| | |
|---------------------------|--|
| Leikstjórn og framleiðsla | Heiður María Rúnarsdóttir Annetta Ragnarsdóttir |
| Kvikmyndataka | Erla Hrund Halldórsdóttir |
| Tónlist | Beta Eyþórs |
| Sérstakar þakkir | Luxor, Kukl, Kvikmyndaskóli Íslands |

Fræðsluvefur - Hinsegin frá Ö til A

Hinsegin frá Ö til A (www.otila.is), veglegur fræðsluvefur með greinum, reynslusögum og alls kyns fróðleik um hinsegin málefni, leit dagsins ljós 30. september 2017. Vefurinn er hugarsmíð Auðar Magndísar Auðardóttur og Írisar Ellenberger. Samtökin '78 eru meðal bakhjarla verkefnisins.

Reaching Out

Á árinu 2017 hlaut félagið styrk frá Þróunarsjóði innflytjenda til að uppfæra og endurútgefa bæklinginn Reaching Out, fjöltyngdan upplýsingabækling fyrir hinsegin fólk af erlendum uppruna. Todd Kulczyk ráðgjafi og Sigurður Júlíus Guðmundsson varaformaður vinna nú að uppfærslu á enskum texta í bæklingnum, sem verður í kjölfarið þýddur yfir á sjö tungumál sem eru algeng meðal innflytjenda á Íslandi. Stefnt er að útgáfu bæklingins fyrir árslok 2018.

3. VERKEFNI EFTIR MÁLAFLOKKUM

3.1. ALÞJÓÐAMÁL

3.1.1. Regnbogakort ILGA-Europe

Kitty Anderson alþjóðafulltrúi sá um vinnu við framlag Íslands vegna Regnbogakorts ILGA-Europe. Vinnan við Regnbogakortið er tvíþætt og ber þar fyrst að nefna atriðaskrá kortsins (e. index). Þar er að finna samantekt yfir lagalega stöðu hinsegin fólks í löndum innan Evrópuráðssvæðisins. Merkja þarf við við hvaða lagalegum réttindum er náð hér og senda inn heimildir fyrir öllum þeim þáttum sem merkt er við.

Samhliða vinnu við atriðaskrá Regnbogakortsins fór fram vinna við árlega umsögn ILGA-Europe um mannréttindastöðu samkynhneigðra, tvíkynhneigðra, trans og intersex fólks í Evrópu (e. ILGA-Europe Annual review of the human rights situation of Lesbian, Gay, Bisexual, Trans and Intersex people in Europe), þar sem fjallað er með almennari hætti um stöðu hinsegin fólks í Evrópuráðsríkjum.

Árið 2017 var Ísland í 16. sæti af 49 löndum sem kortið nær til. Er Ísland talið búa yfir 47% af þeim lagalegu réttindum sem þarf til að hinsegin fólk búi við fullt lagalegt jafnrétti. Árið 2015 var Ísland í 12. sæti og árið 2014 í 9. sæti. Því erum við í dag með veikustu lagalegu stöðu af Norðurlöndunum ef frá eru talin Grænland og Færeyjar, sem koma ekki fyrir á þessu korti.

Ef skoðaðir eru flokkarnir sex sem liggja kortinu til grundvallar, þá er staða Íslands eftirfarandi:

| | |
|---|------|
| Jafnrétti og bann við mismunun: | 11% |
| Réttur samkynja para í fjölskyldumálum: | 89% |
| Hatursorðræða og hatursglæpir: | 26% |
| Lagaleg viðurkenning á kynvitund og líkamleg friðhelgi: | 49% |
| Funda-, féлага- og tjáningarfrelsi: | 100% |
| Málefni hinsegin hælisleitenda: | 0% |

Í ár fylgja kortinu í fyrsta sinn tilmæli til hvers ríkis um aðgerðir til að bæta stöðu hinsegin fólks. Tilmælin til Íslands eru eftirfarandi:

- Að banna lækisfræðileg inngrip í líkama intersex barna sem ekki eru nauðsynleg og má fresta þar til einstaklingurinn getur veitt upplýst samþykki sitt
- Að uppfæra lagarammann utan um kynskráningu svo hann byggir á sjálfsákvörðunarrétti frekar en kröfum um greiningu geðlækis og/eða lækisfræðileg inngrip
- Að innleiða mismunálöggjöf sem bannar mismunun á atvinnumarkaði á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar og kyneinkenna

3.1.2. Yfirlýsing Evrópuráðsins um mannréttindi intersex fólks

Þann 12. október 2017 samþykkti þing Evrópuráðsins yfirlýsingu „til stuðnings mannréttindum og til útrýmingar á mismunun í garð intersex fólks“. Í yfirlýsingunni

felast ýmis tilmæli til aðildarríkja Evrópuráðsins, þ.m.t. Íslands, meðal annars að binda skuli enda á ónauðsynleg og óafturkræf inngrip í kyneinkenni barna, tryggja intersex börnum og fjölskyldum þeirra sálfélagslegan stuðning, lögfasta bann við mismunun og tryggja intersex fólki óheftan aðgang að sjúkraskrá. Tilmælin í heild sinni má lesa hér: <http://assembly.coe.int/nw/xml/XRef/Xref-XML2HTML-en.asp?fileid=24232&lang=en>

3.1.3. **Workplace Pride-ráðstefna**

23. júní 2017 sótti framkvæmdastjóri Samtakanna ráðstefnuna „Building Bridges“ sem var samvinnuverkefni Workplace Pride, sem eru alþjóðleg félagasamtök með áherslu á hinsegin fólk og vinnumarkaðinn, og ILGA Europe. Ráðstefnan fór fram í Brussel Belgíu.

Á ráðstefnunni gafst gott tækifæri til að skyggjast inn í hugarheim stórra fyrirtækja, styrkjastefnu þeirra og hvernig þau geta lagt hönd á plóg í baráttu hinsegin fólks. Fjöldi yfirmanna úr stórum alþjóðlegum fyrirtækjum sóttu ráðstefnuna, m.a. Yvonne Agyei, mannauðsstjóri Booking.com og Sari Brody alþjóðlegur jafnréttisfullrúi IKEA. Ráðstefnan var hugsuð sem leið til að brúa bilið á milli fyrirtækja og grasrótarsamtaka.

Fjallað var um hugtök eins og „bleikþvott“ (e. pinkwashing), og gefin voru góð ráð hvernig fyrirtæki og samtök geta unnið saman að bættum réttindum og sýnileika hinsegin fólks.

Workplace Pride hefur sérhæft sig í vinnustaðastuðli, þar sem fyrirtæki geta verið vottuð af Workplace Pride ef þau fylgja ákveðnum reglum og styrkja hinsegin málefni duglega. Stór alþjóðleg fyrirtæki sem hafa starfsstöðvar á Íslandi eru á meðal fyrirtækja Workplace Pride og ber þar að nefna Vodafone, Shell, KPMG og IKEA.

3.1.4. **Communicating and Framing for Social Change**

15.-17. september 2017 sótt framkvæmdastjóri Samtakanna námskeiðið Communicating and Framing for Social Change. Námskeiðið var haldið af ILGA Europe og PIRC (Public Interest Research Center). ILGA og PIRC hafa unnið saman í nokkur misseri og hafa nú gefið út handbók fyrir félagasamtök um það hvernig best er að vinna með hugmynd, glæða hana lífi og ná árangri.

Námskeiðið var krefjandi og skemmtilegt. Námskeiðsefninu var skipt í þrennt og eitt viðfangsefni tekið fyrir á degi hverjum. Fyrsta daginn var kennt að skilgreina verkefni, svo var farið yfir það hvernig rannar eru teiknaðir upp og á þriðja degi voru þeir rannar prófaðir. Það sem námskeiðið gaf af sér var aukin skipulagsfærni og meiri einbeiting þegar kemur að viðburðarstjórnun. Félagsfræði, markaðsfræði og sálfræði var blandað saman á einkar góðan hátt.

Námskeiðið var tæknilegt og að sumu leyti flókið en við hvetjum áhugasöm að skoða handbókina sem gefin var út, en hana má nálgast frítt á netinu.

Handbók: <http://publicinterest.org.uk/FramingEqualityToolkit.pdf>

3.1.5. **Árþing ILGA-Europe**

Dagana 1.-4. nóvember síðastliðinn fór fram árleg ráðstefna ILGA-Europe, evrópskra regnhlífarsamtaka hinsegin fólks, í Varsjá í Póllandi. Þátttakendur voru 552 talsins frá

um 50 löndum. Vegna ódýrra flugsamgangna og gistingar í Varsjá var ákveðið að senda fleiri fulltrúa en venjulega á þingið. Sóttu því fimm fulltrúar Samtakanna '78 þingið, þau María Helga Guðmundsdóttir formaður, Daníel E. Arnarsson framkvæmdastjóri, Sólveig Rós fræðslustýra, Alda Villiljós fulltrúi í trúnaðarráði og formaður Trans Íslands og Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, sem hlaut styrk frá ILGA-Europe til að sækja viðburðinn. Auk þess sótti Kitty Anderson alþjóðafulltrúi S78 ráðstefnuna fyrir hönd Intersex Íslands og OII Europe. Þema ársins var „Change! Communities Mobilizing, Movements Rising“ og var sérstök áhersla lögð á uppbyggingu grasrótahreyfinga sem geta knúð fram raunverulegar breytingar í sínum nærsamfélögum.

Sólveig Rós fræðslustýra tók þátt í kynningu á fyrstu niðurstöðum rannsóknar GLSEN á líðan hinsegin ungmenna í skólum. Fulltrúar sóttu einnig fjölmargar vinnustofur um málefni tengd starfi S78, allt frá fræðslu, fjáröflun og uppbyggingu hreyfinga til hatursglæpa og málefna hinsegin hælisleitenda. Vinnustofurnar nýttust vel til að mynda tengsl við félög og aðgerðasinna erlendis og til að afla og miðla upplýsingum um starfsemi á þessum sviðum. Einnig sótti formaður S78 fund með fulltrúum annarra hinsegin félaga á Norðurlöndunum þar sem fram kom gagnkvæmur vilji til að efla norrænt samstarf.

Fulltrúar Samtakanna '78 miðluðu ráðstefnunni beint á Snapchat-reikningnum Hinseginleikanum (@hinseginleikinn) og héldu þannig uppi samtali heim til Íslands meðan á ráðstefnunni stóð.

3.1.6. **Hatursherferð í Tsjetsjeníu – mótmæli við sendiráð Rússlands**

Í apríl 2017 bárust alþjóðasamfélaginu fregnir frá Tsjetsjeníu af kerfisbundinni ofbeldis- og drápsherferð þarlendra yfirvalda gegn hommum og tvíkyndum körlum. Tilburðir tsjetsjenskra yfirvalda þóttu einna helst eiga sér fordæmi í fangabúðum og herferðum nasista gegn „kynvillingum“ í aðdraganda seinni heimsstyrjaldarinnar. Tsjetsjenía er aðili að rússneska sambandsríkinu og stjórnir Rússlands og Tsjetsjeníu eiga náið og vinveitt samband. Stjórn og trúnaðarráð Samtakanna '78 skipulögðu því mótmælastöðu við sendiráð Rússlands í Garðastræti dagana 3.-5. maí 2017. Skiptust 2-5 fulltúar samtakanna á að standa vaktina við sendiráðið frá kl. 12–17 þessa daga, og í lok dags 5. maí fóru fram fjöldamótmæli þar sem um 50 manns söfnuðust friðsamlega saman við sendiráðið. Formaður Samtakanna '78 hélt ræðu við það tilefni, sem nálgast má hér: <https://samtokin78.is/greinasafn/6122-raeda-formanns-vid-sendirad-russlands>

Mótmælin vöktu talsverða athygli fjölmiðla og komu illa við kauninn á rússneska sendiráðinu, sem kallaði eftir miklum lögregluviðbúnaði. Á tímabilum voru fjórir lögreglubílar og minnst átta lögregluþjónar á vakt við svæðið og höfðu eftirlit með tveimur-þremur mótmælendum. Fulltrúar Samtakanna '78 komu óánægju sinni með óhóflegt viðbúnaðarstig á framfæri við stjórnendur innan lögreglunnar.

3.1.7. **Lögregluofbeldi á gleðigöngu í Istanbúl**

Í júní 2017 beitti tyrkneska lögreglan ofbeldi til að tvístra þátttakendum í baráttugöngu hinsegin fólks í Istanbúl. Samtökin '78 sendu frá sér stuðningskveðju til baráttufólksins og fordæmdu aðgerðir lögreglu, sem minna um margt á tilburði bandarískrar lögreglu fyrir Stonewall-uppötin í New York á síðustu öld.

<https://samtokin78.is/frettir/nyjar-frettir/6140-stonewall-uppshotin-og-loegregluofbeldi-i-tyrklandi>

3.1.8. **Finnland 100 ára – í regnbogalítum**

Þann 2. febrúar 2018 sótti formaður S78 málþingið Finnland 100 ára – í regnbogalítum, sem haldið var á vegum Seta, systursamtaka okkar í Finnlandi. Málþingið var e.k. uppskeruhátíð í lok árslangrar dagskrár sem var skipulögð til að gera hinsegin fólk og menningu sýnileg í tengslum við 100 ára lýðveldishátíðina sem fagnað hefur verið í Finnlandi í ár. Málþingið var einnig tækifæri til tengslamyndunar við stjórn og starfsfólk Seta, en við getum lært margt af uppbyggingu og starfsemi hinsegin landssamtaka á hinum Norðurlöndunum.

3.2. **FÉLAGS- OG SÁLFRÆÐIRÁÐGJÖF**

3.2.1. **Almennt um félags- og sálfræðiráðgjöfina**

Samtökin '78 bjóða upp á ráðgjöf í formi viðtalstíma árið um kring. Hægt er að fá viðtalstíma bæði í gegnum síma og í eigin persónu, fyrir einstaklinga, fólk í samböndum og fjölskyldur. Hafa má samband við ráðgjafa símleiðis eða í gegnum tölvupóst. Ráðgjafarnir hitta skjólstæðinga sína í ráðgjafaherbergi í húsnæði Samtakanna '78. Skjólstæðingum stendur til boða að mæta án endurgjalds í þrjú skipti, en að þeim tímum loknum gefst fólki kostur á að mæta í viðtöl gegn greiðslu.

Undanþágur frá greiðslum eru gerðar í einhverjum tilfellum t.d. ef um flóttamenn og hælisleitendur er að ræða. Ráðgjafar Samtakanna '78 benda einnig á aðra meðferðaraðila, telji þeir það eiga við - sem og ef fólk leitar eftir því. Umfang ráðgjafarþjónustunnar hefur aukist gífurlega á undanförunum tveimur árum. Árið 2014 tóku ráðgjafarnir 81 viðtal við 70 viðmælendur, eftir að Samtökin fluttu í nýtt húsnæði tók ráðgjöfin mikinn kipp og árið 2015 voru viðmælendur 120 og viðtölin 145. Árið 2016 fjölgaði viðmælendum upp í 181 og viðtölin voru 202. Árið 2017 var fjöldi viðmælenda svipaður eða 176 en viðtölum fjölgaði hins vegar mikið eða upp í 334.

Þetta stafar af því að fleiri sem leita til ráðgjafa þurfa meiri þjónustu en áður og má þar nefna m.a. hinsegin flóttamenn og hælisleitendur. Fjöldi þeirra sem leita til ráðgjafarþjónustunnar er töluvert meiri en þessar tölur gefa til kynna því að þeir sem mæta í stuðningshópana eru ekki inn í þessum tölum og þeir eru vel sóttir. Þörfin fyrir ráðgjöfina er því greinilega mjög mikil.

3.2.2. **Markmið með þjónustunni**

Ráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra og er markmiðið að styðja þennan hóp og auka lífsgæði hans. Ráðgjöfin er öllum opin, félagsmönnum jafnt sem öðrum. Nær allir sem leita til ráðgjafa samtakanna eiga það sameiginlegt að vera hinsegin eða aðstandendur hinsegin fólks. Flestir eru að takast á við mál sem tengjast kynhneigð eða kynvitund á einhvern hátt. Margir eiga við kvíða, þunglyndi og/eða félagslega einangrun að stríða og einnig geta verið vandkvæði í samskiptum við fjölskyldu og/eða annar vandi. Eins hefur það færst í aukana að fagaðilar og stofnanir leiti til ráðgjafanna um ráð og upplýsingar.

3.2.3. **Ráðgjafateymi**

Hjá samtökunum er starfandi teymi fagaðila sem sér um félags- og sálfræðiráðgjöf. Ráðgjafarnir koma úr ólíkum áttum og hafa ólíka reynslu, bakgrunn og menntun. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa sérhæft sig í hinsegin málefnum.

Þeir eru því vel í stakk búnir til að takast á við flestan þann vanda sem einstaklingar koma með auk þess að taka fullt tillit til kynhneigðar og/eða kynvitundar einstaklinga.

Sú breyting varð á teyminu árið 2017 Elísabet Þorgeirsdóttir hætti störfum en hún hafði sinn ráðgjöf frá vori 2011. Í janúar 2017 byrjaði hins vegar nýr ráðgjafi í teyminu, Todd Kulczyk fjölskyldu- og leiklistarmeðferðarfræðingur. Hann er enskumælandi sem hefur reynst ómetanlegt þar sem eftirspurn eftir ráðgjöf á ensku er mjög mikil.

Í teyminu eru:

- Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, sálfræðingur (frá desember 2016)
- Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi (að nýju frá 2013)
- Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur (frá vori 2009)
- Todd Kulczyk, fjölskyldu- og leiklistarmeðferðarfræðingur (frá janúar 2017)

Sigríður Birna fjölskyldu- og leiklistarmeðferðarfræðingur hefur sinnt ráðgjöf síðustu 9 árin. Guðbjörg félagsráðgjafi hefur nú sinnt ráðgjöf síðustu 5 árin en kom þá aftur inn eftir nokkurra ára hlé. Aldís sálfræðingur og Todd fjölskyldu- og leiklistarmeðferðarfræðingur hafa sinnt ráðgjöf síðasta árið. Þau munu öll halda áfram að sinna ráðgjöf árið 2018.

3.2.4. **Almennt um notendur þjónustunnar**

Mjög misjafnt er hver tilgangur fólks er sem leitar til ráðgjafanna. Sumir koma eingöngu vegna hinsegin mála hjá þeim sjálfum eða einhverjum nákomnum, á meðan aðrir leita til ráðgjafanna vegna annarra mála samhliða þeim, vitandi að þeim verður vel tekið og að hinsegin málefni munu ekki flækjast fyrir ráðgjöfinni. Fólk getur þótt erfitt að leita til fagaðila og ræða sína kynhneigð, kyneinkenni og/eða kynvitund án þess að vera viss um að sá aðili hafi þekkingu á þessum málaflokkum.

Samtökunum '78 hafa borist fregnir frá félagsmönnum sem hafa leitað til ráðgjafa annars staðar og fengið ófullnægjandi þjónustu vegna vanþekkingar á hinsegin málefnum og jafnvel upplifað fordóma. Þetta getur m.a. birst í tilhneingingu meðferðaraðila til að taka ekki tillit til kynhneigðar, kyneinkenna og/eða kynvitundar. Einnig þekkist það að meðferðaraðili vilji alhæfa, tengja alla líðan við kynhneigð, kyneinkenni og/eða kynvitund og gera þessar k að aðalumræðuefni þótt þær séu það ekki og fólk sé að leita sér ráðgjafar til að ræða allt önnur mál.

Einstaklingar sem leita til ráðgjafa hjá Samtökunum '78 eru því að koma inn á öruggt svæði. Þar er kynhneigð, kyneinkennum og/eða kynvitund þeirra tekið sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut og ekki lagt út af þeim breytum ef það á ekki við.

3.2.5. **Skjólstæðingar árið 2017**

Fólk á öllum aldri og af öllum kynjum leitar ráðgjafar þó voru karlar og trans karla töluvert fleiri árið 2017. Yngra fólk leitar enn mikið í ráðgjöfina en meirihluti þeirra sem leita eru á aldrinum 13 – 30 ára. Um helmingur þeirra sem leituðu ráðgjafar á árinu voru trans eða aðstandendur þeirra.

Foreldrar halda áfram að sækja mikið í ráðgjöf, ýmist einir eða með börnum sínum. Flestir foreldrar sem leituðu til ráðgjafa á árinu komu vegna kynvitundar barnsins síns. Það er einnig algengt að hinsegin fólk og fjölskyldur þeirra leiti ráðgjafar vegna tilfinningalegra erfiðleika og/eða fjölskylduerfiðleika sem ekki endilega tengjast kynhneigð/kynvitund/kyneinkennum þeirra beint. Einnig leituðu aðstandendur til ráðgjafa, svo sem mæður, feður, afar, ömmur og systkini.

Eins heldur það áfram að aukast að annað fagfólk leitar ráða símleiðis hjá ráðgjöfum Samtakanna vegna málefna sem koma upp í þeirra vinnu og þá helst mál sem tengjast kynvitund skjólstæðinga þeirra. Hinsegin flóttamönnum og hælisleitendum sem leituðu ráðgjafar fjölgaði verulega árið 2017 og Todd Kulczyk hefur sinnt þeim hópi mikið síðasta árið.

Spurningarnar sem koma upp í ráðgjöf eru margvíslegar. Þær tengjast eigin sjálfsmynd, því hvernig og hverjum eigi að segja frá og spurningum um hvernig líf hinsegin fólks er. Hjá þeim sem eiga börn vaknar nær alltaf spurningin um hvort breytt lífsmynstur muni hafa áhrif á börnin, hvernig og hvenær eigi að segja þeim frá, hvort rétt sé að ræða um þessi mál við kennara og aðra sem sinna börnunum o.s.frv.

Einnig veltir fólk fyrir sér réttindum sínum en þó sérstaklega flóttamenn, hælisleitendur og trans fólk og þá koma einnig oft upp spurningar um samskipti við lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk. Margir veltu einnig fyrir sér hvar hægt er að hitta annað hinsegin fólk til að kynnast betur þessum „nýja“ heimi og þó að félagsstarf Samtakanna hafi blómstrað síðasta árið og mikið sé í boði þá er það enn staðreynd að fólk sem er komið yfir 35/40 ára á erfiðara með að finna eitthvað við sitt hæfi í félagslífinu.

3.2.6. Stuðningshópar

Þeir foreldrar sem koma til að ræða um málefni hinsegin barna sinna eru oftast en ekki að velta fyrir sér hvernig þeir geti best stutt börnin sín, um leið og þeir vilja kynnast frekar málefnum hinsegin fólks og fá skýrari mynd af því hvað bíður barnsins þeirra.

Stuðningshópur fyrir foreldra og aðstandendur trans barna og ungmenna hefur nú starfað í um 5 ár, hópurinn hittist einu sinni í mánuði og fjöldinn sem mætir er frá 6 og upp í 18 og í hverjum mánuði mæta nýir foreldrar í hópinn. Stuðningshópur fyrir trans ungmenni á aldrinum 13 – 20 ára hefur einnig hist einu sinni í mánuði síðasta árið og mætingin er mjög góð en þar mæta um 12 – 15 ungmenni í hverjum mánuði, töluvert fleiri trans strákar hafa verið að nýta sér fundina en trans stelpur.

Sigríður Birna ráðgjafi leiðir báða þessa hópa. Í haust byrjaði enn einn stuðningshópurinn en Todd Kulczyk leiðir nú stuðningshóp fyrir samkynhneigða og tvíkynhneigða karlmenn, hópurinn er vettvangur til þess að ræða ýmis mál sem snerta þennan hóp. Hópurinn hittist tvisvar í mánuði fram að áramótum en mun hittast mánaðarlega framvegis.

Þessir hópar eru opnir og munu allir halda áfram árið 2018.

3.2.7. Viðtöl hjá ráðgjöfum árið 2017

Vjöldi viðtala og viðmælenda

| Viðmælendur | Fjöldi | Fjöldi viðtala |
|------------------------------|--------|----------------|
| Konur/trans konur | 47 | 106 |
| Karlar/trans karlar | 55 | 166 |
| Kynsegin/kyn ekki skilgreint | 2 | 4 |

| | | |
|------------------------|---|------------|
| Fjölskyldur/pör | 53 (25 karlar / trans karlar og 28 konur / trans konur) | 25 |
| Símaviðtöl | 9 (3 karlar / trans karlar og 6 konur / trans konur) | 12 |
| Heildarfjöldi | 176 viðmælandi | 334 viðtöl |
| Viðtöl sem féllu niður | | 14 |

Aldur viðmælenda

| <i>Aldur</i> | <i>Fjöldi</i> |
|-----------------|---------------|
| 17 ára og yngri | 27 |
| 18 – 21 árs | 24 |
| 22 – 30 ára | 48 |
| 31 – 40 ára | 32 |
| 41 – 50 ára | 37 |
| 50 + | 8 |

Helstu ástæður komu

| | |
|--------------------------|----|
| Koma út | 21 |
| Óryggi v. kynhneigðar | 50 |
| Vegna kynhneigðar barna | 5 |
| Óryggi vegna kynvitundar | 84 |

| | |
|---|----|
| Vegna kynvitundar barna | 31 |
| Fjölskylduerfiðleikar | 8 |
| Sambandsvandi | 34 |
| Tilfinningatengdir erfiðleikir | 84 |
| Réttindi | 5 |
| Segja börnum frá/áhyggjur af börnum hinsegin foreldra | 1 |
| Eignast börn | 4 |
| Annað: | 3 |

3.2.8. Þóknun ráðgjafa - enn þörf á hækkun

Undanfarin ár hefur ráðgjafarþjónustan verið rekin nánast sem sjálfbóðastarf þeirra sem að henni koma. Ráðgjafarnir fá lágt tímakaup, en þóknunin hefur verið 5.000 kr/klst greiddar í verktakavinnu fyrir hverja veitta ráðgjöf. Síðasta hækkun á þóknuninni var gerð árið 2015 í kjölfar nýs þjónustusamnings við Reykjavíkurborg og er það mikið kappsmál stjórnar að geta greitt hærri taxa fyrir ráðgjafarþjónustuna.

3.2.9. Símenntun ráðgjafa, tengslamyndun og stuðningur

Í byrjun árs 2017 var ákveðið að greiða ráðgjöfum 6 tíma á ári fyrir handleiðslu og ráðgjafar hafa nýtt sér það og hist nokkrum sinnum á árinu og deilt reynslu sinni og rætt um hvernig mætti bæta þjónustuna. Í apríl 2017 fóru tveir ráðgjafar Guðbjörg Ottosdóttir og Sigríður Birna Valsdóttir á vikulangt námskeið í „Narrative Coaching and Guidance“ en námskeiðið var haldið af “In Dialouge” og var sérstaklega ætlað ráðgjöfum og sjálfbóðaliðum sem starfa innan hinsegin hreyfinga í Evrópu. Á þessu námskeiði gafst ráðgjöfunum kostur á að mynda tengsl við fagaðila í öðrum Evrópulöndum sem við nna að svipuðum málum. Svona tengslamyndun og símenntun er ómetanleg.

3.2.10. Þróun núverandi þjónustu og utanumhald

Mikill metnaður og hugur er í ráðgjöfum og stjórn Samtakanna '78 um að efla starfið. Margar góðar hugmyndir hafa komið upp og m.a. stendur vilji til þess að efla frekara hópastarf með fleiri stuðningshópum. Þörfin á stuðningshópi fyrir trans ungmenni hefur virkilega sýnt sig og nú er nauðsynlegt að aldurskipa hópnum.

Í mars 2018 mun fara í gang nýr hópur fyrir 19 ára og eldri trans ungmenni og um leið er stefnt að því að efla yngri hópinn og höfða betur til ungmenna á aldrinum 13 – 16 ára en sá hópur er töluvert stór. Það hefur sýnt sig að mikil þörf er fyrir stuðningshóp fyrir trans fólk á aldrinum 20 – 30 ára. Enn er mikill vilji fyrir því að ráðgjafar sæk

námskeið/ráðstefnur erlendis og standi fyrir málþingum um hinsegin ráðgjöf hér á landi með erlendum gestum.

Í byrjun árs 2018 verður haldin metnaðarfull ráðstefna um málefni trans barna og ungmenna og er aðalgestur ráðstefnunnar Jean Malpas fjölskyldufræðingu frá New York sem hefur sérhæft sig í starfi með trans börnum og fjölskyldum þeirra. Það gefur augaleið að þessi ráðstefna mun bæta starf ráðgjafa Samtakanna '78 og vonandi hafa áhrif inn í samfélagið og auka þekkingu um málefni trans barna og fjölskyldna þeirra.

Ráðgjafar hafa reynt að hittast reglulega síðasta árið og verið í góðu sambandi á facebooksíðu ráðgjafa. Framtíðarsýn ráðgjafa er að á árinu 2018 verði haldið áfram að gera ráðgjöfina sýnilegri og stefna ráðgjafar á að halda áfram góðu samstarfi með það að markmiði að gera ráðgjafapjónustuna enn betri og fjölbreyttari.

Eins telja ráðgjafar mikilvægt að halda betur utan um upplýsingar um hverjir eru að nýta þjónustuna, hverjar eru ástæður komu og hvaðan koma skjólstæðingar okkar, í upphafi árs 2018 var byrjað að nýta eyðublað sem skjólstæðingar fylla út við komu, þessi eyðublað verða nýtt til gagnasöfnunar og eru nafnlaus og ekki rekjanleg til skjólstæðinga.

Það er mat ráðgjafa að þörf á ráðgjafapjónustu eigi enn eftir að aukast og því sé mikilvægt að halda áfram að koma til móts við ráðgjafana með það í huga. Eins og fram hefur komið býr ráðgjafahópur Samtakanna '78 yfir mikilvægri sérþekkingu og þjónustar hóp sem í mörgum tilfellum finnur ekki sambærilega þjónustu annars staðar. Ef ekki er nægilega vel stutt við starfsemi ráðgjafanna og um leið þá sem til þeirra leita er hættu á að vandi þeirra aukist og viðfangsefnin verði flóknari og erfiðari úrlausnar.

3.3. FRÆÐSLA

3.3.1. Almennt um fræðslustarfið

Fræðsla er einn af hornsteinum starfsemi Samtakanna '78 og á sér áratuga sögu. Árið 2017 skiptist hún fyrst og fremst í tvennt: jafningjafræðslu og starf fræðslustýru.

Sólveig Rós tók við starfi fræðslustýru á haustmánuðum 2016 og var í hálfu starfi allt árið 2017. Hennar hlutverk er að sjá um jafningjafræðslu Samtakanna, sinna fræðslu til fagstétta og hafa umsjón með þróun fræðslustarfsemi Samtakanna.

3.3.2. Jafningjafræðslan

Jafningjafræðsla Samtakanna '78 samanstendur af ungu hinsegin fólki sem starfa sem sjálfboðaliðar með samtökunum. Þau fá þjálfun hjá fræðslustýru og fara fyrst og fremst í heimsóknir í unglingadeildir í grunnskólum en einnig í félagsmiðstöðvar, framhaldsskóla og á aðra staði sem eftir því óska. Um það bil 15 hafa verið starfandi í hópnum á hverjum tíma árið 2017. Í þessum hóp eru bæði ungmenni sem hafa verið starfandi með ungliðahreyfingu Samtakanna eða virk í starfinu að öðru leyti en einnig ungmenni sem vilja láta gott af sér leiða og leyfa öðrum að læra af þeirra reynslu.

3.3.3. Starfsemi jafningjafræðslunnar

Auglýst var eftir nýjum sjálfboðaliðum í hópinn um áramót 2016-17 og lok sumars 2017. Tvö námskeið voru haldin árið 2017 til að þjálfa nýja fræðara og einnig til að stilla saman strengi starfandi sjálfboðaliða, eitt í janúar og annað í ágúst. Þar að auki voru haldnir nokkrir fundir, þá sérstaklega í lok hverrar skólaannar, til að ræða um

hvernig gengur og hvernig er hægt að bæta starfseminna. Að öðru leyti fara samskipti fræðara að mestu leyti fram á netinu.

3.3.4. Innihald fræðslunnar

Fræðarar Samtakanna fylgja allir sömu leiðbeiningum um framkvæmd fræðslunnar. Stuðst er við glærur sem geymdar eru miðlægt á google drive. Í þeim er umfjöllun um lykilhugtökin þrjú: kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni. Auk þess er umfjöllun um staðalmyndir og fordóma og hversu mikilvægt er að fagna fjölbreytileikanum og að við fáum öll að vera við sjálf. Í lokin er opið fyrir spurningar. Oftast er boðið upp á nafnlausar spurningar á miðum til að auka möguleika áheyranda á að spyrja um eitthvað sem gæti verið þeim erfitt eða feimnismál. Oft myndast mjög góðar umræður í kringum nafnlausu spurningarnar. Að gefnu tilefni skal tekið fram að jafningjafræðsla Samtakanna býður ekki upp á kynfræðslu, þó full ástæða sé til að bæta kynfræðslu í skólum landsins, þar með talið fyrir hinsegin fólk.

3.3.5. Fræðsla til fagstétta

Innihald fræðslu til fagstétta er keimlík innihaldi jafningjafræðslunnar: umfjöllun er um kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni, ásamt kynjakerfinu sem að setur fram hvað er venjulegt og hvað er út fyrir normið í okkar samfélagi, auk hugleiðingar um hvernig er hægt að koma til móts við fjölbreytileikann í kringum okkur. Svo er tekin umræða um hvernig er hætt að þætta hinsegin sjónarhorn inn í það starf sem í gangi er á hverjum stað, svo sem í starfi með börnum og ungmönnum þegar það á við og bent á leiðir og efni sem gætu nýst til þess.

3.3.6. Þjónustusamningar

Árið 2017 var síðasta ár af þriggja ára samningi Samtakanna við Reykjavíkurborg, en í þeim samningi kom fram að allir skólar skulu fá heimsókn frá Samtökunum með fræðslu bæði fyrir nemendur og kennara á samningstímabilinu. Meirihluti grunnskóla hafði fengið fræðslu fyrir nemendur á þessu tímabili, sérstaklega skólar með unglíngadeildir, eða 22 af þeim 25 skólum sem eru ekki sérskólar. Það þýðir þó ekki að allir árgangar sem voru í unglíngadeild á þessu tímabili hafi fengið fræðslu. Ekki er hægt að segja það sama um fræðslu til kennara, en í lok árs 2017 höfðu einungis 13 skólar þegið fræðslu fyrir starfsfólk sitt, eða rétt rúmur þriðjungur allra grunnskóla borgarinnar. Það hefur þó orðið mikil aukning á þessum undir lok tímabilsins og einnig í byrjun árs 2018. Vinna við endurskoðun samningsins fór fram árið 2017 og var nýr samningur undirritaður í byrjun árs 2018.



Samið var við Hafnarfjarðarbæ árið 2015 og átti starfsfólk grunnskóla Hafnarfjarðar að fá 6 klukkustundir af hinsegin fræðslu veturinn 2016-17. Auk þess áttu allir 8. bekkir bæjarins að fá jafningjafræðslu. Seinni helmingur þessara heimsókna var á vormánuðum 2017. Ákveðið var að endurnýja samninginn til eins árs og fengu því flestir 8. bekkir jafningjafræðslu haustið 2017 og munu hinir fá það á vormánuðum 2018. Viðbót við þennan samning snéri að leikskólastarfsfólki, en allt starfsfólk leikskóla í Hafnarfirði sat kynningu frá fræðslustýru um málefni trans barna.

Vonast er til að fleiri sveitarfélög geri þjónustusamninga við Samtökin '78 svo hægt sé að tryggja að ungmenni hafi aðgang að þessu mikilvæga starfi. Þó eru einstaka skólar, bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, sem panta til sín jafningjafræðslu en það er ekki kerfisbundið og fer því eftir áhuga og forgangs röðun innan hvers skóla fyrir sig.

3.4. TÖLFRÆÐI FRÆDSLUSTARFSINS

3.4.1. Jafningjafræðsla

Fræðslufundir jafningjafræðslunnar voru samtals 95 á árinu 2017. Þar af voru 36 í Reykjavík, 27 í Hafnarfirði, 15 á höfuðborgarsvæðinu en ekki samkvæmt samningi við þessi tvö sveitarfélög (t.d. í framhaldsskólum) og 17 á landsbyggðinni. Langflestir fræðslufundirnir voru í 8-10 bekk grunnskóla eða 74 en einnig var nokkuð um heimsóknir í framhaldsskóla (8) og í félagsmiðstöðvar (8). Nokkrar heimsóknir voru annað, svo sem í vinnuskóla (6).





3.4.2. Fræðsla fyrir fagstéttir

Fræðslustýra sá að mestu leyti um fræðslu fyrir fagstéttir. Hæst ber þar fræðslu um hinsegin mál til kennara í grunnskólum, eða 19 fræðslufundi, en einnig á öðrum stigum skóla og frístunda, eins og fyrir starfsfólk framhaldsskóla, félagsmiðstöðva og leikskóla. Sérstaklega ánægjulegt var að fá að ávarpa allt starfsfólk leikskóla í Hafnarfirði. Einnig fengu skólahjúkrunarfræðingar kynningu, hópur frá Lögreglunni og starfsfólk Rauða Krossins og þjónustumiðstöðvar í Reykjavík.

Þar að auki var nokkuð um þátttöku í fræðierindum og málþingum, svo sem erindi á ráðstefnu um jafnrétti í skólastarfi og þátttöku í pallborði á málþingi kynjafræðikennara. Sérstaklega skemmtilegt var að fá tækifæri til að halda erindi og opna sýningu á Safnahúsinu í Vestmannaeyjum. Til viðbótar fór formaður Samtakanna, María Helga, með fræðslu um hinsegin mál í íþróttum á nokkra staði, svo sem KSÍ og til íþróttافرæðinema, bæði í Háskólanum í Reykjavík og í framhaldsskóla. Þá er fræðsluerindi Samtakanna '78 um hinsegin mál í íþróttum enn hluti af þjálfaranámi ÍSÍ á 2. stigi.

Flestar voru heimsóknirnar í Reykjavík, enda þjónustusamningur við það sveitarfélag. Næstflestar voru þær í Hafnarfirði til að uppfylla skilyrði samningsins við það sveitarfélag enda fékk starfsfólk allra grunnskóla í Hafnarfirði þrjár heimsóknir veturinn 2016-2017, eða samtals 6 klst. af hinsegin fræðslu. Það námskeið var svo endurtekið í ágúst 2017 fyrir nýtt starfsfólk.



3.4.3. Framtíð fræðslunnar

Það er stefna Samtakanna '78 að leggja frekari áherslu á að fræða og vinna með fagstéttum, sérstaklega þær sem vinna með börnum og ungmönnum, svo að hægt sé að tryggja að hinseginleikinn sé ekki einungis tekinn inn í t.d. kennslu þegar

jafningjafræðslan kemur í heimsókn. Mikilvægt er að fjölbreytileiki kyns sé venjugarður allt frá fyrstu skólaárum barna. Til dæmis með því að það séu reglulega lesnar fyrir þau sögur þar sem fjölbreyttar fjölskyldugerðir koma fyrir, yfir í að lestrardæmi og stærðfræðidæmi í fyrstu bekkjum grunnskóla endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Á mið- og efsta stigi er svo hægt að hafa frekari umfjöllun um t.d. hinsegin daga, réttindabaráttu og sögu hinsegin fólks. Þá er sérstaklega mikilvægt að kynfræðsla sé ekki einungis fyrir gagnkynhneigða og sískynja nemendur heldur að allir fái viðeigandi kynfræðslu. Þar er ekki átt við að í kynfræðslu sé kennt að til séu allskonar kynhneigðir heldur að talað sé um samskipti og ánægju, getnaðar- og kynsjúkdómasmitvarnir og fleira sem tengist kynfræðslu á þann máta að öll ungmenni geti speglað sig í henni og fengið þá fræðslu sem þau þurfa og eiga rétt á.

Þá er líka mikilvægt að skólarnir séu vel í stakk búnir til að taka á móti þeim nemendum sem eru fyrir utan hefðbundið kyn að einhverju leyti, sama hvort þau eru samkynhneigð, með ódæmigerða kyntjáningu eða með ódæmigerð kyneinkenni. Þessi hópur er því miður oft jaðarsettur og verður oftast fyrir einelti og aðkasti eða á erfitt með að finna sig innan vinnuhópsins eða í sinni sjálfsmynd. Mikilvægt er að skólinn geri sér grein fyrir þessu og sé undirbúinn og þá er fyrsta skref að þekkja grunnhugtök og birtingarmyndir hinseginleikans.

Fræðslustarf Samtakanna '78 er í miklum blóma og eru einungis sóknarfæri framundan. Með frekara fjármagni væri hægt að leggja meiri áherslu á útgefið efni auk þess að hægt væri að fara í fleiri fræðsluheimsóknir til þeirra sem eiga erfitt með að greiða fyrir hana. Við bindum vonir við að fleiri sveitarfélög fari í samstarf við Samtökin 78 og geti þá bæði fengið fræðslu fyrir sitt starfsfólk en einnig boðið upp á jafningjafræðslu fyrir nemendur.

Þegar kemur að fræðslu utan skólakerfisins er líka ekkert nema tækifæri. Frá vinnustöðum yfir í fjölbreyttan hóp fagstétta sem vinna með fólki, auk aðstandenda og almennings, þá er hægt að auka umræðu og jákvæða umfjöllun um hinseginleikann í öllu sínu veldi.

3.5. RANNSÓKNIR OG FRÆÐASAMSTARF

3.5.1. GLSEN – Könnun á skólaumhverfi

Samtökin voru valin til að taka þátt í alþjóðlegri rannsókn á skólaumhverfi ungs hinsegin fólks. Þessi könnun er framkvæmd af bandarísku samtökunum GLSEN sem einnig hefur lagt hana fyrir nokkur lönd í bæði austur- og vestur Evrópu. Úrvinnsla rannsóknarinnar fór fram í Columbia University í Bandaríkjunum en Samtökin '78 sáu um að þýða og staðfæra könnunina. Spurningar snéru að hvort að nemendur upplifðu öryggi í skólanum, hvort þau hefðu orðið vitni að hinseginfælinni orðræðu og eða ofbeldi og hvort að þau treystu starfsfólki í skólanum sínum, ásamt öðrum þáttum sem eru notaðir til að meta skólaumhverfi hinsegin fólks. Könnunin var lögð fyrir í gegnum netið sumarið 2017 og var ungt hinsegin fólk á aldrinum 13-20 ára hvatt til að taka þátt. Þátttaka var með góðu móti og var niðurstaða að vænta í byrjun árs 2018.

3.5.2. IGLYO Education Index

IGLYO eru alþjóðasamtök ungs hinsegin fólks. Eitt af þeirra verkefnum er að búa til svokallað Education Index, eða yfirlit yfir stöðu menntunar þegar kemur að hinsegin fólki, í Evrópu. Í þessum kvarða er hægt að fá stig fyrir atriði eins og hvort að hinsegin

mál séu í námsskrá, hvort að hinseginleiki sé hluti af menntun kennara og hvort að sérstaklega sé unnið með forvarnir gegn einelti vegna hinseginleika. Voru Samtökin '78 beðin um að taka þátt fyrir hönd Íslands og fór fram ítarleg gagnaöflun fyrir þetta verkefni á fyrri hluta árs 2017. Búist er við að niðurstöður liggi fyrir á fyrri hluta 2018 og verður áhugavert að sjá hvar Ísland stendur miðað við nágrannalöndin.

3.5.3. **Norræn ráðstefna um mál og kyn**

Dagana 21.-22. október var tíunda norræna ráðstefnan um mál og kyn haldin í Háskólanum á Akureyri. Ein málstofa á viðburðinum var helguð sýn hinsegin fólks á íslenska tungu og bar yfirskriftina Kynsegin íslenska. Fjögur erindi voru á málstofunni og voru formenn Samtakanna '78 og Trans Íslands meðal mælenda:

Alda Villiljós: „*Hán er vin mitt*“: *nýjar víddir í íslensku hvorugkyni*

María Helga Guðmundsdóttir: *Samastaður í tungumálinu: réttindabaráttu hinsegin fólks á vettvangi íslenskunnar*

Þorbjörg Þorvaldsdóttir: *Hvað með 'það'? Persónufornafnið sem hentar ekki þegar vísað er í fólk*

Eiríkur Rögnvaldsson: *Má gera kynusla í íslenskunni?*

Upptöku af málstofunni Kynsegin íslenska má nálgast hér:

<https://akureyri.cloud.panopto.eu/Panopto/Pages/Viewer.aspx?id=ad5f763e-8637-4457-94cb-2e2f5a473162>

3.6. **HATURSOÐRÆÐA OG -GLÆPIR**

3.6.1. **Ráðstefna Æskulýðsvettvangsins um hatursorðræðu**

Þann 22. september 2017 stóð Æskulýðsvettvangurinn fyrir ráðstefnu um hatursorðræðu og afleiðingar hennar. Formaður Samtakanna '78 tók þátt í pallborði á ráðstefnunni.

3.6.2. **Kærur vegna hatursorðræðu – tvær sakfellingar**

Samtökin '78 lögðu þann 27. apríl 2015 fram kærur á hendur níu einstaklingum vegna hatursfullrar orðræðu sem þeir viðhöfðu í opinberri umræðu í framhaldi af því að bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar ályktaði um að taka upp fræðslu í málefnum hinsegin fólks í sveitarfélaginu og leita til samtakanna í þeim efnum. Sjö þessara kæra féllu undir embætti Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ein undir lögregluna á Suðurnesjum og ein undir lögregluna á Suðurlandi. Kærurnar eru á grundvelli 233. gr. a í almennum hegningarlögum sem mælir fyrir um refsinaemi þess að viðhafa eða dreifa meiðandi eða ógnandi orðræðu í garð minnihlutahópa eða einstaklingum sem tilheyra minnihlutahópi á opinberum vettvangi.

Málin sem féllu undir embætti Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafa öll ratað fyrir dómstóla. Eftir sýknudóma í Héraðsdómi Reykjavíkur var þremur málanna áfrýjað til Hæstaréttar. Þann 14. desember 2017 féllu dómar í Hæstarétti í málunum þremur. Tveir einstaklingar voru sakfelldir fyrir brot á 233. gr. a. almennra hegningarlaga en sá þriðji sýknaður.

<https://www.haestirettur.is/frettir/frett/2017/12/14/Domar-um-hatursordraedu/>

Á þeim tíma fengust eftirfarandi upplýsingar frá hinum lögregluembættunum að á Suðurnesjum væri málið skráð til afgreiðslu hjá rannsóknardeild en á Suðurlandi væri málið í ákærumeðferð og yrði endurskoðað með nýfallna dóma Hæstaréttar í huga. Rannsókn er á Suðurlandi væri lokið og niðurstöðu að vænta innan skamms tíma.

3.6.3. Líkamsárás í Reykjavík, aukin meðvitund um hatursglæpi

Í janúarbyrjun 2018 varð maður fyrir líkamsárás í miðborg Reykjavíkur. Annar maður vatt sér upp að honum, spurði hann út í kynhneigð hans og sló hann hnefahöggi í andlitið þegar hann játti því að vera hommi. Atvikið vakti mikla athygli fjölmiðla og jók meðvitund almennings um það að ýmsar birtingarmyndir haturs gegn hinsegin fólki, bæði í orðum og gjörðum, lifa enn góðu lífi í íslensku samfélagi.

3.7. HÆLISLEITENDUR OG FLÓTTAFÓLK

Hinsegin hælisleitendur hafa leitað til Samtakanna '78 í vaxandi mæli undanfarin ár. Allt kapp er lagt á að taka vel á móti þeim, veita þeim ráðgjöf og félagslegan stuðning og koma þeim í samband við aðila sem geta stutt þá í samskiptum sínum við opinbera stjórnvöld. Á liðnu starfsári hefur verið lagt kapp á auka aðgengi hinsegin hælisleitenda að ráðgjöf. Þar hefur koma Todds Kulczyk inn í ráðgjafateymi félagsins reynst mikill akkur, en hann hefur að miklu leyti sinnt ráðgjöf fyrir hinsegin fólk af erlendum uppruna.

Á liðnu starfsári hóf nefnd um málefni hinsegin hælisleitenda og flóttafólks störf, en hana skipa María Helga Guðmundsdóttir formaður félagsins og formaður nefndarinnar, Eyrún Ólöf Sigurðardóttir og Prodhi Manisha. Markmið nefndarinnar eru þrjú: að skerpa innri verkferla Samtakanna '78 í upplýsingamiðlun, móttöku og stuðningi við hinsegin fólk á öllum stigum í umsóknarferli um alþjóðlega vernd; að efla samstarf og samskipti við Rauða kross Íslands, Útlendingastofnun og aðra aðila sem koma að málaflokknum; og að móta stefnu og áherslur í hagsmunagæslu fyrir hönd þessara hópa. Nefndin hefur haft samráð við ýmsa aðila innan og utan félagsins, m.a. lögfræðinga og félagsráðgjafa, og mun halda áfram störfum á komandi starfsári.

Dagana 29.-30. maí 2017 sótti formaður S78 norræna ráðstefnu um alþjóðlega vernd, Nordic Asylum Law Seminar, við Háskóla Íslands. Formaður félagsins sótti einnig vinnustofu á ráðstefnu ILGA-Europe þar sem málefni hinsegin hælisleitenda voru sérstaklega til umfjöllunar og sótti ráðgjöf hjá Paul Dillane, framkvæmdastjóra Kaleidoscope Trust, sjóðs í Bretlandi sem starfar eingöngu að málefnum hinsegin hælisleitenda. Sú ráðgjöf átti þátt í því að móta starf nefndarinnar. Þá gerðust Samtökin '78 hluti af tengslaneti félagsamtaka og fræðimanna í kringum fjölþjóðlega rannsóknarverkefnið SOGICA, Sexual Orientation and Gender Identity Claims of Asylum, sem fram fer við Sussex-háskóla í Englandi.

3.8. LÝÐHEILSA

3.8.1. Fréttir frá sóttvarnalækni og starfshópi heilbrigðisráðherra

Í tölublaði Farsóttafréttar, tímarits sóttvarnalæknis, árið 2018 sést greinileg og mikil aukning á tíðni kynsjúkdóma og þá sérstaklega hjá þeim sem greindust með sárásótt

en um þreföld aukning er á þeim einstaklingum frá árinu 2016. Í skýrslunni segir jafnframt að sárásótt sé fyrst og fremst tengd karlmönnum sem hafa mök við aðra karla.

HIV-sýkingar standa í stað á milli ára en þó segir í skýrslunni að: „Áhættuhegðun tengdist sýkingu hjá samkynhneigðum í 13 tilfellum, gagnkynhneigðum í átta tilfellum og fíkniefnaneyslu í fimm tilfellum. Óvíst er um áhættuþætti í einu tilfelli.“

Árið 2017 þótti sóttvarnalækni mikilvægt að gripið yrði til aðgerða m.a. með aukinni samvinnu við grasrótarsamtök eins og HIV-Ísland og Samtökin '78. Þessari köllun var svarað og starfshópur var skipaður af heilbrigðisráðherra. Þrátt fyrir ákall sóttvarnalæknis um að grasrótarsamtök yrðu með í ráðum var hvorki skipaður fulltrúi frá HIV-Ísland né Samtökunum '78.

Þó eru Samtökin nefnd á nafn þegar leitað er leiða til að sporna við kynsjúkdómum: „Lagt er til að göngudeild smitsjúkdóma, og göngudeild húð- og kynsjúkdóma á LSH verði falið að skipuleggja og framkvæma greiningu á kynsjúkdómum utan heilbrigðisstofnana í samvinnu við grasrótarsamtök eins og Samtökin 78, HIV-Ísland og Frú Ragnheiði.“

Skýrsla starfshóps heilbrigðisráðherra má nálgast hér:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3b8611b2-04f8-11e8-9425-005056bc530c>

Farsóttafréttir frá janúar 2018 má nálgast hér:

https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item34086/Farsottafrettir_januar_2018.pdf

3.8.2. **Tékk á Suðurgötu – Hraðpróf fyrir lifrabólgu C og HIV**

Samtökin '78 voru samstarfsaðili í meðferðaráttaki Landspítala við lifrabólgu C. Sem liður í áttakinu var boðið upp á hraðpróf fyrir lifrabólgu C og HIV í húsnæði Samtakanna '78 þann 21. september. Tæplega 40 manns mættu og fóru í próf en þau tóku stuttan tíma, eins og nafnið gefur til kynna, og að sögn gesta mjög einföld.

3.8.3. **Kynheilsuáttak – fríar kynlífs- og túrvörur**

Samtökin bjóða upp á ókeypis smokka, túrtappa og dömubindi á Suðurgötu 3 og á sem flestum viðburðum á vegum félagsins. Einnig er stefnan að bjóða upp á töfrateppi (e. *dental dams*) og sleipiefni. Erfitt er að finna birgja sem býður upp á töfrateppi en tryggilega er haldið áfram að leita. Fyrirtækið Ýmus hefur gefið Samtökunum sleipiefni og heildverslunin Halldór Jónsson hefur selt Samtökunum Durex smokka með góðum afslætti. Á næstu mánuðum munu Samtökin og Durex á Íslandi fara í enn frekara samstarf og mun það verkefni líta dagsins ljós þegar vora tekur.

Upplýsingar um það hvernig hægt sé að komast í kynsjúkdómapróf / tékk hafa verið hengdar upp á áberandi stöðum á salernum í húsnæði félagsins. Þá hefur verið gert samkomulag við Móðurást um 20% afslátt til félaga í Samtökunum '78 á Mánabikarnum.

3.8.4. **Starfshópur um heimilisofbeldi sem hinsegin fólk verður fyrir**

Reykjavíkurborg, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, heilsugæslan og frjáls félagasamtök standa saman að verkefni sem kallast Saman gegn ofbeldi en það snýst

um að bæta þjónustu við þolendur og gerendur heimilisofbeldis með samvinnu mismunandi aðila. Árið 2017 fór í gang vinna til að skoða hvernig þetta verkefni gæti náð frekar til hinsegin fólks og bætt þjónustu til þeirra. Sólveig Rós fræðslustýra og Guðmunda Smári meðstjórnandi tóku sæti í starfshópi um þetta verkefni fyrir hönd Samtakanna 78. Gekk vinna starfshópsins vel og var gefin út skýrsla með niðurstöðum og ráðleggingum hópsins til verkefnisins Saman gegn ofbeldi. Skýrsluna má finna hér:

http://reykjavik.is/sites/default/files/skyrsla_um_heimilisofbeldi_sem_hinsegin_folk_verdur_fyrir_0.pdf

Frekari upplýsingar um Saman gegn ofbeldi má finna hér: <http://reykjavik.is/saman-gegn-ofbeldi>

Þetta starf er búið að vera mjög upplýsandi og gefandi og vonumst við nú til þess að stýrihópur Saman gegn ofbeldi verkefnisins taki mið af þeim ráðleggingum sem starfshópurinn lagði til.

3.9. LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF

Síðan í október 2015 hafa Samtökin '78 boðið upp á lögfræðiráðgjöf til félagsfólks. Erna Á. Mathiesen lögfræðingur hdl. hefur veitt félagsfólki samtakanna viðtalstíma vegna lögfræðilegra álitafna án endurgjalds. Vegna anna hefur Erna Á. Mathiesen þurft að segja sig frá þessu verkefni. Við þökkum henni innilega fyrir ómetanlega vinnu á síðustu misserum.

Í mars 2018 var samið við Hildi Hjörvar, lögfræðing, um að taka lögfræðiráðgjöfina að sér. Hildur útskrifaðist með M.A. gráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2017 og hefur starfað hjá lögmannsstofunni LOGOS frá árinu 2014. Hildur Hjörvar útskrifaðist með hæstu meðaleinkunn á mag.jur. prófi í sögu lagadeildar Háskóla Íslands.

Aðstoð Hildar felst í að leiðbeina um þau lagalegu úrræði sem standa einstaklingi til boða að íslenskum rétti og innan stjórnáslunnar. Þar með felst ráðgjöf hennar ekki í lögmannsstörfum fyrir einstaka félagsmenn heldur í ráðgjöf um fyrstu skref og aðstoð við að meta hvaða rétt fólk á.

3.10. MENNING OG VIÐBURÐIR

3.10.1. Bókmenntaklúbbur

Þann 13. apríl 2017 fór fram stofnfundur hinsegin bókmenntaklúbbs Samtakanna '78. Framtakið var hugarfóstur Guðjóns Ragnars Jónassonar, sem fékk Ástu Kristínu Benediktsdóttur og Maríu Helgu Guðmundsdóttur til liðs við sig í skipulagsteymi.

Klúbburinn hittist mánaðarlega og hefur hingað til lesið verk eftir Elías Mar, Vigdís Grímsdóttur, Sjón, Júlíu Margréti Einarsdóttur, Evu Rún Snorradóttur, Kristínu Ómarsdóttur, Önnu Margréti Grétarsdóttur, Guðberg Bergsson, Arnald Indriðason og Kára Tulinius.

Í bókmenntaklúbbum skapast tækifæri fyrir áhugafólk til að koma saman, lesa og ræða íslenskar bókmenntir sem snerta á hinsegin tilveru. Öll velkomin – formleg reynsla af bókmenntalestri er með öllu óþörf! Fylgjast má með klúbbum á Facebook í hópnum Hinsegin bókmenntaklúbbur – Samtökin '78:

<https://www.facebook.com/groups/1675590172737764/>

3.10.2. Gallerí '78

Árið hefur einkennst af miklum tilfæringum listafólks frá einu sýningartímabili til annars. Einnig hafa nokkrar sýningar dottið út eða þeim hefur verið frestað um óákveðinn tíma vegna þess að listafólk hefur ekki verið tilbúið með verk. Þetta hefur þýtt það að þurft hefur að leita dyrum og dyngjum að listafólki til að hlaupa í skarðið og skiljanlega eru ekki allir með verk á lager til að halda sýningu með stuttum fyrirvara.

Undantekningar frá þessu hefur verið listaparið Sigga og Madda (Sigríður Helga Hauksdóttir og Margrét Óskarsdóttir sem stukku inn í lok sumars árið 2017 og bjuggu til glæsilega sýningu í nafni Sigmars Stórhólts, sem opnaði á Menningarnótt, 19 ágúst 2017 og stóð í tvær vikur. Listakonurnar höfðu aðeins tvæpar tvær vikur til að búa til verkin sem þær unnu í sameiningu. Þó fresturinn væri stuttur var í engu slegið af listrænum kröfum. Sýningarstjóri þessa verkefnis var ljóðskáldið, listfræðineminna og fagurkerinn Ásdís Óladóttir. En hún hefur tekið virkan þátt í starfsemi Gallerís 78 s.l. ár.

Allar sýningar hafa opnað með móttöku og hafa gestir verið frá tíu og uppí rúmlega fimmtíu.

Listaspjall hefur verið haldið í tengslum við sýningar og hefur m.a. verið reynt að auka fjölbreytnina með tónlist og gjörningum til að fá fleira fólk til þátttöku. Unnið er að því í samvinnu við Menningarráð Samtakanna '78 og aðra velunnara gallerísins að finna leiðir til að efla listaspjallskvöldin. Einnig hefur listfræðinnum við Háskóla Íslands verið boðið í galleríið til að kynna þeim starfseminna sem og listafólki sjálft. Þessar kynningar hafa gefist vel og oft spunnist áhugaverðar umræður þar sem listafólkið hefur haft tækifæri til að fjalla um verk sín í samræðu við upprennandi listfræðinga.

Umtal er mikilvægt fyrir Galleríið og því jákvæðara og markvissara sem það umtal er þeim mun betur mun hinsegin list og listafólk njóta ávaxtanna. Því er allt hinsegin listafólk kvatt til að nefna Gallerí 78 í viðtölum við fjölmiðla og í samtölum við vini og kunningja í þeim fjölmörgu listheimum sem eru í gangi á Íslandi og erlendis. Gallerí 78 er eina galleríið sem eingöngu sinnir hinsegin list hér á landi og þó víðar væri leitað. Það er einnig mikilvægt að halda galleríinu á lofti vegna þess unga listafólks sem nú vex úr grasi og leitar logandi ljósi að listrænum fyrirmyndum í nútímasamfélagi. Þar hefur listafólkið sem sýnt hefur í galleríinu lykil hlutverki að gegna. Einnig er unnið markvisst að því að efla tengst við erlent hinsegin listafólk.

Frá því í febrúar 2017 til febrúar 2018 hafa verið haldnar eftirfarandi sýningar:

- Heiða Björg Valladóttir, Kæra dagbók frá 11. feb. til 15. apríl
- Margrét Nilsdóttir, Samfélagsfjöttrar Grafarvogs og Goðheima ásamt nokkrum metrum af Jute frá 13. maí til 30. Júní.
- Sumarleyfi frá 1. júlí til 19. ágúst
- Sigga og Madda (Sigmar Stórholt), Uppbrot frá 19. ágúst til 10. september.
- Alda Villiljós, Kynusli / Genderfuck frá 16. sept. til 18. nóv.
- Opin samsýning félagsfólks, Ljóð og myndir frá 7. des. til 7. feb. 2018
- Stig Styrmand, Fundin verk frá 10. feb. til 10. apríl 2018

Sá leiði atburður varð að nokkur hluti verka á sýningu sem byggð var á framlagi félagsfólks samtakanna hvarf á tímabilinu 9. desember s.l. til 7. janúar 2018. Þetta er fáheyrt virðingarleysi við mikið og óeigingjarnt starf félagsfólks sem kom saman þann 7. desember s.l. til að myndskreyta ljóð og reikna og mála sjálfum sér og öðrum til yndis og ánægju. Það hefur verið auglýst eftir verkunum á FB síðum samtakanna sem vonandi verður til þess að hvarf þeirra skýrist og listafólkið fái verk sín til baka.

Í framhaldi af þessum atburði var ákveðið í samvinnu við framkvæmdastjóra samtakanna að herða á tryggingum og ábyrgð þeirra sem leigja Regnbogasalinn undir skemmtanir og fundi. Einnig var ákveðið að fara þá leið sem hinsegin fólk hefur farið þegar syrtir í álinn og auka sýnileikan svo um munar. Þessvegna verður merkingum varðandi galleríið fjölgað í salnum og gluggum og sýnileiki þess á vefmiðlum eflur.

Stefnt er að því að efna til fimm sýninga á tímabilinu frá og með 10. febrúar 2018 þar til í byrjun mars 2019.

Ákveðið hefur verið að loka galleríinu vegna sumarleyfa frá og með 1. júlí ár hvert og opna nýja sýningu á mennigarnótt Reykjavíkur frá og með nýju starfsári og í kjölfar aðalfundar Samtakanna '78 í mars 2018.

Að lokum ber að nefna að Galleríið hefur notið óeigingjarnrar aðstoðar og velvilja fjölda fólks og ber helst að nefna listafólkið sjálft, sem lagt hefur á sig mikla vinnu við undirbúning sýninga og þátttöku í uppsetningu á verkum sínum. Einnig er Magnúsi Gestssyni þakkað sérstaklega fyrir yfirumsjón með Galleríi '78 sem og að koma að öllum sýningum, beint og óbeint.

Einnig ber að nefna stjórn samtakanna, framkvæmdastjóra og fjölda félagsfólks. Ásdísi Óladóttur er sérstaklega þakkað en hún kom aftur til starfa í sumarlok árið 2017. Stefán Sigfinnsson hefur stutt galleríið með ráðum og dáð og hefur m.a. annast veitirngar á opnunum með miklum myndarbrag. Einnig hefur Jóhann Thorarensen lagt galleríinu lið með ýmsu móti.

3.10.3. **Við og vinir okkar – Ljóða- og sagnakvöld**

Jóhann Thorarensen og Magnús Gestsson hafa frá síðasta aðalfundi haldið úti ljóðrænum skemmtikvöldum ársfjórðungslega. Frá upphafi starfsársins hafa verið haldin sjö Vó! Vó! ljóðakvöld og á útmánuðum ársins 2017 hafa verið haldin þrjú ljóðakvöld.

Einn af mikilvægustu grunnþáttum Vó! Vó! er að skapa öruggt rými fyrir hinsegin skáld og hvetja þau til að láta að sér kveða og fjalla um hinsegin reynslu sína af öryggi og láta ekki þagga niður í sér.

Fjöldi gesta hefur verið frá 20 til 30 og fjöldi skálda sem hafa lesið úr verkum sínum frá átta til fjórtán hverju sinni. Á ljóðakvöldum Vó! Vó! hafa bæði vanir höfundar með langan feril að baki lesið og nýgræðingar sem eru að lesa ljóð sín í fyrsta skipti frammi fyrir áheyrendum. Á öllum ljóðakvöldum Vó! Vó! hafa stjórnendur fengið eitt skáld sem ekki skilgreinir sig sem hinsegin en er vinveitt hinsegin fólki. Þetta fyrirkomulag hefur gefist einkar vel.

Flest ljóðkvöldin hafa verið haldin í Regnbogasal Samtakanna '78 en nokkrum sinnum hefur Iða Zimsen hlaupið undir bagga hafi salur Samtakanna verið upptekinn og skal Arndísi Björgu Sigurgeirsdóttur, eiganda Iðu, þakkaður stuðningurinn.

Það er fagnaðarefni að erlendum hinsegin skáldum hefur fjölgað síðan lagt var upp með þetta ljóðaverkefni og hafa þar átt hlut að máli flóttafólk og hælisleitendur ásamt

námsfólki og öðrum. Þess er vænst að hægt verði að halda áfram að kynna þá ljóðvitund sem fylgir erlendum hinsegin skáldum.

Vó! Vó vill þakka Guðnýju Guðnadóttur fyrir þátttöku við skipulagningu Vó! Vó!. Eins er Lóa Löve þakkað fyrir að sýna fram á mikilvægi þess að virkja hinsegin flóttafólk og hælisleitendur til þátttöku. Eins skal ljóðskáldum þakkað sérstaklega svo og gestum fyrir framlag sitt og þátttöku.

3.10.4. **Fríða Agnarsdóttir sæmd heiðursmerki**

Sunnudaginn 26. mars var Fríða Agnarsdóttir sæmd heiðursmerki Samtakanna '78 við hátíðlega athöfn. Að athöfn lokinni fór fram kaffisamsæti Fríðu til heiðurs. Í tilkynningu stjórnar stóð eftirfarandi:

Fríða hefur verið óþreytandi sjálfboðaliði á vettvangi samtakanna í áraraðir. Hún hefur gengið í öll störf sem sinna þarf: setið í stjórn og trúnaðarráði, sinnt viðgerðum, innkaupum og þrifum, lagt mikið af mörkum við uppbyggingu á ungliðastarfi félagsins, séð um Regnbogasalinn árum saman og lyft grettistaki oftast en einu sinni í viðhaldi á húsnæðinu. Öllum þessum verkum hefur hún sinnt með einstakri jákvæðni og framkvæmdagleði og verið öðrum sjálfboðaliðum og starfsfólki stoð, stytta og fyrirmynd. Fríða hefur átt ríkan þátt í því að efla og styrkja starfsemi samtakanna og mun félagsfólk njóta góðs af alúð hennar og eljusemi um ókomin ár.

3.10.5. **Minningarstund um Guðna Baldursson**

Guðni Baldursson, fyrsti formaður Samtakanna '78, lést þann 7. júlí 2017. Útför hans fór fram þann 20. júlí. Síðdegis, að erfidrykkju lokinni, var opið hús í Samtökunum '78 fyrir öll sem vildu koma saman og heiðra minningu hans.

3.10.6. **Gleðigönguatriði: Fallin með 47%!**

Fyrir Gleðigöngunni 12. ágúst ákvað gönguhópur Samtakanna '78 að beina sjónum sínum að úreltri stöðu lagalegrar verndar fyrir hinsegin fólk á Íslandi og nýta gönguna sem ákall til Alþingis og ríkisstjórnar um að laga þá augljósu vankanta sem eru á íslenskri lagaumgjörð. Í auglýsingu eftir þátttakendum kom eftirfarandi fram:

„FALLIN MEÐ 4,7! Vissir þú að Ísland uppfyllir innan við helming lagalegra skilyrða til að borgararéttindi hinsegin fólks séu tryggð og að við erum sífellt að dragast aftur úr nágrannaþjóðum okkar? Vissirðu að á Íslandi þarf trans fólk að greinast með geðsjúkdóm til að fá að breyta kynskráningu, að það má reka þig úr vinnu fyrir kynhneigð þína, að skurðaðgerðir eru framkvæmdar á intersex fólki frá bernsku án nauðsynjar eða samþykkis?

Er ekki kominn tími á að við klárum dæmið og tryggjum sjálfsögð mannréttindi fyrir komandi kynslóðir?“

Þátttakendur fylktu liði sem löndin 49 á Regnbogakortinu og gengu "í rétttri röð" til að vekja athygli á hruni Íslands í alþjóðlegum samanburði. Hver þátttakandi fékk bol í lit lands á Regnbogakortinu með prósentueinkunn þess á bakinu og skilti með þjóðfána þess og einkunn, en skiltin voru hönnuð af Öldu Villiljósi. Atriðið hlaut styrk úr Gleðigöngusjóði Hinsegin daga. Þátttakendur urðu á endanum yfir 70 talsins og vakti atriðið mikla athygli á slakri stöðu Íslands þegar kemur að lagalegri vernd fyrir hinsegin fólk. Má því segja að það hafi heppnast afar vel.

3.10.7. **Jólabingó**

Jólabingó félagsins var haldið við pomp og prakt í Vinabæ. eftir árs hlé og haldið í Vinabæ með miklum glæsibrag þann 2. desember. Sigríður J. Valdimarsdóttir og Andres Pelaez sáu um skipulagningu og söfnun vinninga ásamt vöskum hópi sjálfboðaliða.

Verðmæti vinninga fóru yfir 1,1 milljón króna. Bingóið var vel sótt og rann allur ágóði þess til Samtakanna '78.

3.10.8. **Hinsegin aðfangadagur**

Fimm manns sóttu hátíðarkvöldverð á aðfangadag á Suðurgötu 3, sem haldinn var í umsjá Guðmundu Smára Veigarsdóttur meðstjórnanda og Settu Maríu, sjálfboðaliða. Gestir tóku saman þátt í að elda hátíðarmat, skiptust á gjöfum og sátu að spilum fram eftir kvöldi og var almenn ánægja með framtakið. Reynir Þór Eggertsson sá um eftirrétt og Kjöthöllin gaf hátíðarsteikina. Kvöldið er hluti að því að veita hinsegin fólki öruggara rými yfir hátíðarnar.


3.10.9. **Starfsemi í Regnbogasal félagsmiðstöðvar**

Árið 2017 var félagsmiðstöðin opin hvert fimmtudagskvöld frá kl. 20–23. Auk þess voru fastir fundir ýmissa starfshópa, svo sem félagsmiðstöðin fyrir ungliða, Q-félags hinsegin stúdenta og Trans Íslands. Sem dæmi má nefna var Q-félag hinsegin stúdenta með ýmiss konar uppákomur á föstudagskvöldum, ungliðarnir voru með opið hús á þriðjudögum, Trans Ísland var með viðburði fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði.

Að auki fór fram ýmiss konar önnur starfsemi í salnum, svo sem fundir stuðningshópa fyrir trans ungmenni og foreldra þeirra, Gallerí 78, ljóða- og sagnakvöldin Við og vinir okkar, hinsegin handavinnuklúbbur og félags-, nefnda- og starfshópafundir. Að auki val salurinn leigður út fyrir ýmsa viðburði eða leigður út fyrir einkasamkvæmi gegn vægu gjaldi.

Á starfsárinu fóru nokkrir viðburðir fram utan húsnæðis Samtakanna, þar helst að nefna jólabingó, ráðstefnur o.fl. Til þess voru salir leigðir hjá Háskólanum, Iðnó Reykjavík og hjá Háskóla Íslands.

Lausleg talning sýnir að árið 2017 sóttu rúmlega 2200 gestir viðburði, opin hús og félagsstarf á Suðurgötunni, auk ofangreindra samkoma utan Suðurgötunnar. Athugið að þessi talning er ekki tæmandi en gefur einhverja mynd á umfang og fjölbreytni félagsstarfsins. Neðangreind gröf sýna grófa flokkun á viðburðunum sem skráðar tölur eru til fyrir, auk fjölda gesta eftir tegund viðburðar. Þess ber að geta að félagsmiðstöð fyrir ungmenni er ekki inni í þessum tölum heldur er henni gerð skil í kafla 3.12.



3.10.10. Alþjóðakvöld – International Nights

Að ósk þátttakenda í alþjóðakvöldunum er þessi kafli birtur á ensku.

In a continuous effort to integrate the foreigner LGBTQIA+ community, a series of International Night events were held throughout 2017, opening the Samtökin '78 community center on the second Wednesday of every month to foreign nationals. The main focus on these events has been to provide a safe and neutral space for our foreign community to converge and share experiences, everyday life and tribulations of integrating into the Icelandic society. Furthermore, we provide a space for newcomers to connect with people from other foreign origins who are living in Iceland, providing also an opportunity to make new acquaintances.

The International Night originated in December 2015, when Andrés Peláez and Sigurður Júlíus Guðmundsson volunteered to host a Thursday night open-house event, inviting the international LGBTQIA+ community to gather and talk about integration to the Icelandic society. During the first year, the event was hosted every two to three months and kept running on that schedule until the fall of 2017.

From September 2017, in response to the gradual increase of interest and attendance to the events, it was decided to hold this event consistently on a monthly basis moving forward.

The average attendance during the year 2017 ranged from 5-20 people. The event has drawn a wide spectrum of our community, and has seen attendance from people who have lived here for a few days or many years, tourists and a few asylum seekers, living both in Reykjavík as well as nearby towns like Keflavík and Selfoss.

3.11. RÉTTINDABARÁTTA OG LÖGGJÖF

Þótt íslenskt samfélag sé komið langt á veg hvað varðar réttindi hinsegin fólks er enn töluvert í land þar til fullum jöfnuði er náð. Þá verður að muna að lagalegt jafnrétti er eitt, en viðhorf og lífsgæði annað. Þessi atriði haldast ekki alltaf í hendur og víða um heim býr fólk við neikvæð viðhorf, andúð, misrétti og ofbeldi þótt lagaleg staða sé bærileg. Annars staðar er þessu mögulega öfugt farið og sumstaðar eru allir þessir þættir í ólestri. Gott og hinseginvænt laga- og regluverk þarf að vera til staðar en það eitt og sér tryggir ekki endilega að fólki sé ekki mismunað. Drjúgur hluti af starfsemi Samtakanna '78 snýst einmitt um að berjast fyrir réttindum hinsegin fólks gagnvart lögum og framkvæmd þeirra.

3.11.1. Aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands - MRSÍ

Samtökin 78 gerðust aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 2001. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Fimmtán félög eiga aðild að skrifstofunni. Kitty Anderson er fulltrúi í stjórn MRSÍ fyrir hönd Samtakanna '78 og var kosin formaður stjórnar MRSÍ í maí 2016. Hún mun gegna því embætti fram að aðalfundi MRSÍ í maí 2018.

3.11.2. Hinsegin málefni í stjórnarsáttmála Íslands

Þann 30. nóvember 2017 var stjórnarsáttmáli Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna gerður opinber. Í fyrsta sinn í sögu Íslands vísaði stjórnarsáttmáli til baráttumála hinsegin fólks, en þar stendur:

„Ríkisstjórnin vill koma Íslandi í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks með metnaðarfullri löggjöf um kynrænt sjálfræði í samræmi við nýútkomin tilmæli Evrópuráðsins vegna mannréttinda intersex-fólks. Í þeim lögum yrði kveðið á um að einstaklingar megi sjálfir ákveða kyn sitt, kynvitund þeirra njóti viðurkenningar, einstaklingar njóti líkamlegrar friðhelgi og jafnréttis fyrir lögum óháð kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu.“

3.11.3. Mótun löggjafar og regluverks með þátttöku í nefndum o.fl.

- **Frumvarp um bættarstöðu trans, intersex og annars hinsegin fólks**

Lagaleg staða trans og intersex fólks á Íslandi er bágborin. Aðgangur að kynskráningarbreytingum og nafnabreytingum er takmarkaður og fæst eingöngu aðgengilegt að undangengnu löngu ferli. Aðgengilega og gagnsæja verkferla hefur vantað um þjónustu sem trans teymi LSH veitir og litla sem engi vernd er að finna þegar kemur að mismununarlöggjöf.

Engin úrræði eru til boða fyrir kynsegin fólk til þess að fá viðurkenningu á sinni kynvitund og kynhlutlaus nöfn standa ekki til boða. Aðgangur þessa hóps að heilbrigðisþjónustu er óljós. Trans börn hafa engan aðgang að

kynskráningarbreytingum eða nafnabreytingum og heilbrigðisþjónusta við þau er ekki lögbundin. Intersex fólk er ekki viðurkennt í lögum og enga lagalega vernd er að finna á grundvelli kyneinkenna. Aðgerðir til þess að aðlaga börn með ódæmigerð kyneinkenni að félagslega mótuðum normum eru framkvæmdar hér á landi.

Vorið 2015 hófst samstarf milli Svandísar Svavarsdóttur Alþingismanns og Samtakanna '78, Trans Íslands og Intersex Íslands. Upp úr þessu samstarfi myndaðist starfshópur sem síðan hefur unnið að smíði frumvarps sem taka mun á ýmsum þáttum er varða réttarstöðu hinsegin fólks, með áherslu á réttindi trans og intersex einstaklinga.

Pólítískar hræringar hafa hægt mikið á framgangi þessa máls, en á þeim tæpu þremur árum sem liðin eru frá því að hópurinn hóf störf hefur tvisvar verið kosið til Alþingis. Þó er ástæða til að ætla að nú styttest í að frumvarpið verði lagt fram, en ríkisstjórn Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna hefur sett málefnið inn í stjórnarsáttmála sinn. Er málið nú í vinnslu í heilbrigðisráðuneyti Svandísar Svavarsdóttur, sem lýsti því yfir í viðtali við Ríkisútvarpið 28. febrúar 2018 að málið yrði lagt fram sem ríkisstjórnarfrumvarp.

- **Nefnd um málefni hinsegin fólks**

Nefnd um málefni hinsegin fólks var skipuð af félags- og húsnæðismálaráðherra 30. apríl 2014. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar stjórnmalaflokka, félagasamtaka og ýmissa ráðuneyta en Svandís Anna Sigurðardóttir situr í nefndinni fyrir hönd Samtakanna '78 og er varamaður hennar Sigurður Júlíus Guðmundsson varaformaður. Formaður nefndarinnar síðan 2015 er Linda Rós Alfreðsdóttir, sem áður var starfsmaður nefndarinnar.

Tilgangur nefndarinnar er sem fyrr að skoða stöðu hinsegin fólks á Íslandi með tilliti til regnbogayfirlits ILGA Europe, kortleggja stöðu og göt í löggjöf, regluverki og stjórnsýslu og að endingu skila ráðherra tillögum til úrbóta. Upphaflega stóð til að nefndin skilaði tillögum í október 2014 og hefur því verið frestað ítrekað. Í ársbyrjun 2017 áttu formaður og framkvæmdastjóri Samtakanna '78 fund við formann nefndarinnar. Á fundinum kom fram að vinna að tillögum nefndarinnar væri í fullum gangi og yrði þeim skilað von bráðar. Enn hefur þó ekki orðið vart við þær.

3.11.3. Umsagnir um frumvörp, reglugerðir og tillögur

- **Frumvörp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna**

Þann 8. maí 2017 sendu Samtökin '78 frá sér umsagnir vegna tveggja frumvarpa velferðarráðuneytisins um jafna meðferð og bann við mismunun. Umsagnirnar voru skrifaðar í samvinnu við Trans Ísland, Intersex Ísland, HIV-Ísland, Tabú, Öryrkjabandalag Íslands og Geðhjálp og rituðu öll félögin undir umsagnirnar.

Samtökin fögnuðu frumvarpsdrögum í þeirri von að nú yrðu stigin lokaskref í innleiðingu mismununartilskipana Evrópusambandsins nr.

2000/43/EB og 2000/78/EB en bentu um leið á að íslensk jafnréttislöggjöf er afar ófullkomin þegar kemur að jafnrétti í víðari skilningi en kynjajafnrétti. Umræddar tilskipanir væru 17 ára gamlar og mæltu aðeins fyrir um lágmarksréttindi. Í landi sem væri rómað um allan heim fyrir að standa framarlega þegar kemur að jafnrétti kynjanna hefði sómað sér betur að sjá þann metnað yfirfærðan á að skapa framsýna og heildstæða jafnréttislöggjöf sem tekur á stöðu jaðarsettra hópa og einstaklinga í samfélaginu á öllum sviðum.

Í umsögnunum var m.a. bent á á að í frumvarpinu um jafna meðferð á vinnumarkaði væri einungis minnst á kynhneigð og kynvitund en hvorki kyneinkenni né kyntjáningu, og að frumvarpið um jafna meðferð í samfélaginu að öðru leyti næði ekki til neins hinsegin fólks. Reyndar er staðan þannig að litla vernd er að finna hér á landi fyrir nokkurn undir hinsegin regnhlífinni, hvort sem litið er til kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna, nema þegar kemur að verslun og þjónustu. Einnig var gagnrýnt að frumvörpin snertu ekkert á fjölþættri mismunun og að ekki væri gert ráð fyrir styrkingu Jafnréttisstofu í samræmi við útvíkkað hlutverk hennar.

3.11.4. Kynning fyrir frambjóðendum til Alþingis

Þann 19. október var fulltrúum allra flokka sem buðu fram til Alþingis boðið á fund þar sem fram fór kynning á starfsemi Samtakanna '78 og samtal um þarfir hinsegin samfélagsins gagnvart löggjafanum og hinu opinbera. Fulltrúar allra framboða sóttu fundinn. Að lokinni kynningu Sigurðar Júlíusar, varaformanns, og Kitty Anderson, alþjóðafulltrúa, stýrði Ingileif Friðriksdóttir líflegum umræðum um málefni hinsegin fólks og hvernig löggjafinn gæti komið frekar að málaflokknum.

Öll framboð voru sammála um það að staða Íslands á Regnbogakortinu væri óviðunandi og að löggjafinn þyrfti að bregðast við með lagasetningum í þágu hinsegin fólks. Eins voru flest framboð sammála um að Samtökin '78 þyrftu á mun meira fjármagni að halda en þau hafa í dag og vildu flest bæta það.

Álfur Birkir Bjarnason ritari hélt úti beintísti af fundinum á Twitter. Almenn ánægja var með fundinn og stefnt er að því að halda fund með frambjóðendum sveitarstjórnarkosninga síðar á árinu.

Í framhaldi af fundinum gáfu Samtökin út hinsegin-tékklista þar sem stefnur flokkanna í hinseginmálum voru lesnar og þeim gefnar einkunnir eftir því hve ítarlegar þær eru. Samtökin voru í góðu samstarfi við Kvenréttindafélag Íslands sem gáfu út svipað skjal, er KRFÍ þakkað innilega fyrir samstarfið.

5. Málþing um mannréttindi intersex fólks

17. febrúar 2018 stóðu Samtökin '78, Intersex Ísland, Íslandsdeild Amnesty International og Mannréttindaskrifstofa Íslands að málþingi undir yfirskriftinni „Mannréttindi intersex fólks: ný nálgun til framtíðar“. Málþingið var liður í vitundarvakningu um málefni intersex fólks í aðdraganda að væntanlegri lagasetningu. Sérstakir gestir á málþinginu voru:

- Piet de Bruyn, skýrslugjafi Evrópuráðsins um réttindi hinsegin fólks (e. General rapporteur on the rights of LGBTI people) og höfundur skýrslu ráðsins um mannréttindi intersex fólks
- Ruth Baldacchino, formaður ILGA-World, alþjóðasamtaka hinsegin fólks og stjórnandi intersex mannréttindasjóðs Astraea – Réttlætissjóðs lesbía. Hún lék lykilhlutverk í setningu fremstu löggjafar í heimi um réttindi trans og intersex fólks, sem var lögfest á Möltu árið 2015.
- Laura Carter, sérfræðingur í hinsegin málefnum hjá Amnesty International, sem vann skýrslu AI, „First, Do No Harm“, um stöðu intersex fólks í heilbrigðiskerfum Danmerkur og Þýskalands.

Auk þeirra töluðu Kitty Anderson, formaður Intersex Íslands, Kristín María Björnsdóttir, ritari Intersex Íslands og María Helga Guðmundsdóttir, formaður Samtakanna '78 á málþinginu. Öllum Alþingismönnum var sent persónulegt boð á málþingið, auk þess að heilbrigðisstarfsfólki, skólastjórnendum og ýmsum öðrum embættismönnum var boðið. Málþingið var gert aðgengilegt gegnum beinstreymi og vakti talsverða athygli í fjölmiðlum.

Sunnudaginn 18. febrúar funduðu sérfræðingarnir svo m.a. við forsvarsfólk Samtakanna '78, Trans Íslands, Intersex Íslands, Mannréttindaskrifstofunnar og Íslandsdeildar Amnesty.

3.11.5. Ráðstefnan Undir regnboganum

Rétt fyrir lok þessa starfsárs, 2. mars, var haldin ráðstefna um málefni trans barna og ungmenna með titilinn Undir regnboganum, í Iðnó. Ráðstefnan var skipulögð af Sigríði Birnu Valsdóttur ráðgjafa með aðstoð frá Sólveigu Rós fræðslustýru. Hún var haldin í samstarfi milli Samtakanna '78 og Trans Íslands og var styrkt af forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar. Jean Malpas, sérfræðingur í málefnum trans barna og ungmenna sem starfar í New York, var aðalfyrirlesari á ráðstefnunni en auk hans komu fram trans börn og ungmenni, foreldrar trans barna og ungmenna ásamt fagfólki sem hefur starfað með þeim innan heilbrigðis- og menntageirans.

Um 150 manns sóttu ráðstefnuna og yfir 50 manns fylgdust með beinu streymi af henni, sem verður gert aðgengilegt á YouTube-síðu S78.

3.12. UNGLIÐAR SAMTAKANNA '78

Haustið 2016 var starfi Ungliðahreyfingar Samtakanna '78 breytt frá fyrra horfi og aðlagð að öðru sambærilegu frístundastarfi, með starfsstefnu félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar að leiðarljósi.

Samtökin '78 og Frístundamiðstöðin Tjörnin gerðu með sér samstarfssamning að aðkomu þeirra síðarnefndu inn í ungliðastarf S78. Tjörnin útvegar fagmenntaðan starfsmann til að sjá um utanumhald starfsins, þjálfa sjálfboðaliða, veita því faglega innsýn sem og að halda utan um skipulag, þróun þess og framtíðarsýn. Meðal þess sem samstarfið hefur leitt af sér er ásókn aukins fjölda yngri hinsegin ungmenna í starfið (12-17 ára), samstarf við aðrar félagsmiðstöðvar í Reykjavík sem og aðra hagsmunaaðila ungmenna. Einnig stendur áhugasömum starfsmönnum félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar til boða að nýta sér skipulagt reynslunám í Hinsegin félagsmiðstöð Ungliða S78. Reynslunámið hófst í janúar 2017 og hefur vakið

mikla lukku meðal þeirra sem það hafa sótt, en frá jan til des 2017 sóttu yfir 40 starfsmenn reynslunámið.

Markmiðið með reynslunáminu er auka hinsegin þekkingu í starfi með börnum og ungmennum, auka samskipti milli félagsmiðstöðva, styðja einstaklinga í starfi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar og utan þess sem og að leyfa starfsmönnum að upplifa starfið að eigin raun.

Ungliðarnir eru með opin kvöld á hverjum þriðjudegi í húsnæði Samtakanna '78 og eru 4 einstaklingar sem hafa yfirumsjón með hverju kvöldi fyrir sig, 1 umsjónarmaður og 3 sjálfboðaliðar. Sjálfboðaliðarnir eru í heildina 7 sem skipta á milli sín hverju þriðjudagskvöldi en lögð er áhersla á að lágmarksmönnun sé 3 einstaklingar, allra helst 4. Starfið er mikið sótt af ungmennum bæði úr Reykjavík sem og nágrannasveitarfélögunum Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Meðalmæting á opnun ungliðanna eru um 20-40 ungmenni. Meðal viðburða má nefna Quiz kvöld, Halloween-ball, skautuferð, ískvöldin sívinsælu, fræðslukvöld, kennslu frá Stelpur rokka!, Drag Race kvöld og svo mætti lengi telja. Dagskráin er ákveðin af ungliðunum sjálfum en í hverjum mánuði er dagskrárgerð tekin fyrir á opnun þar sem öll ungmenni hafa tækifæri á að hafa áhrif á dagskrána.

Hinsegin félagsmiðstöðin er einnig öflugur tengiliður ungmennanna við ráðgjafahóp S78 og hafa þó nokkur ungmenni sótt þá þjónustu eða komið á opnun félagsmiðstöðvarinnar eftir að hafa fengið ráðgjöf. Einnig hefur verið töluverð aukning á heimsóknum úr hverfum sem hlotið hafa fræðslu frá S78, sér í lagi í sömu viku eða vikunni eftir að fræðslan fer fram.

Þess má geta að Reykjavíkurborg og Samtökin '78 gerðu með sér samning sem tryggir fjármögnun félagsmiðstöðvarinnar til ársloka 2020.

VIÐAUKI – LÖG SAMTAKANNA '78

1. HEITI OG HLUTVERK

1.1. Félagið heitir Samtökin '78 – Félag hinsegin fólks á Íslandi, og hefur aðsetur í Reykjavík. Ensk þýðing félagsheitisins er Samtökin '78 – The National Queer Organization of Iceland.

1.2. Markmið félagsins er að hinsegin fólk verði sýnilegt og viðurkennt og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Til hinsegin fólks teljast m.a. lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir, eikynhneigðir, pankynhneigðir, intersex fólk og trans fólk.

1.3. Markmiðum sínum hyggst félagið einkum ná með því:

að skapa hinsegin fólki félagslegan og menningarlegan vettvang og styrkja þannig sjálfsvitund þess, samkennd og samstöðu um sérkenni sín.

að vinna að baráttumálum hinsegin fólks, svo og fræðslu um reynslu þess og sérkenni, eftir þeim leiðum sem árangursríkastar þykja hverju sinni svo sem á vettvangi löggjafarvalds, í opinberu fræðslukerfi og í fjölmiðlum.

að eiga samstarf við sambærileg samtök, hópa og áhugafólk héraendis og erlendis sem stefna að sömu markmiðum; styðja önnur félagsamtök, sem vinna að mannréttindum, og afla stuðnings þeirra.

2. FÉLAGSAÐILD – RÉTTINDI OG SKYLDUR

2.1. Félagi getur hver sá gerst sem vill styðja félagið og vinna að markmiðum þess.

2.2. Þeir einir teljast gildir félagar sem greitt hafa félagsgjöld. Gildir félagar geta fengið félagsskírteini sem gildir almanaksárið. Félagsfólki ber að tilkynna úrsögn úr félaginu skriflega til stjórnar. Félagi sem ekki hefur greitt félagsgjöld í 5 ár samfelld telst hafa skráð sig úr félaginu.

2.3. Stjórnin ber ábyrgð á félagaskrá sem einungis er til afnota fyrir stjórn og starfsfólk félagsins og eru þeir bundnir þagnarskyldu um hana.

2.4. Félag tengd hagsmunum Samtakanna '78 geta óskað eftir því að tengjast félaginu. Stjórninni er skylt að leggja slíka umsókn fyrir aðalfund og geta hennar í fundarboði. Til samþykktar á slíkri aðild þarf einfaldan meirihluta atkvæða á aðalfundi. Hagsmunafélög skulu hafa eigin kennitölu, sjálfstæðan fjárhag og koma fram opinberlega í eigin nafni en ekki nafni Samtakanna '78.

2.5. Allir félagar geta stofnað starfshópa um málefni og áhugamál sín, að því gefnu að tilgangur þeirra brjóti ekki í bága við markmið félagsins. Tilkynna ber stofnun hóps skriflega til stjórnar, enda eigi talsmenn þeirra alla jafnan fulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum þegar fjallað er um málefni sem þeim tengjast. Rísi ágreiningur um stofnun og starfsemi hópa skal skjóta málinu til félagsfundar. Hópar skila árlega starfsskýrslu til stjórnar og geta sótt um styrki til hennar vegna starfsemi sinnar.

3. AÐALFUNDUR

3.1. Aðalfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins. Hann skal halda í marsmánuði ár hvert. Dagsetningu fundarins skal auglýsa á vefsíðu félagsins og með tölvupósti eigi síðar en

15. janúar. Til fundarins skal svo boða skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Rétt til fundarsetu hafa einungis félagar með gilt félagsskírteini.

3.2. Í nóvember skipar félagsfundur þriggja manna kjörnefnd. Nefndin skal lýsa eftir framboðum og tilnefningum, og vinna að því að framboð berist til kjörs stjórnar, trúnaðarráðs og félagslegra skoðunarmanna reikninga. Kjörnefnd skal leitast við að tryggja að jafnræði ríki hvað snertir m.a. aldur og kyn í hópi frambjóðenda. Kjörnefnd setur sér skriflegar verklagsreglur og ber ábyrgð á framkvæmd kosninga á aðalfundi.

3.3. Framboðsfrestur til stjórnar rennur út tveimur vikum fyrir aðalfund. Framboðum til stjórnar skal skilað skriflega til kjörnefndar og tilgreina varaframboð ef við á.

Frambjóðendur til trúnaðarráðs og skoðunar manna reikninga skila framboði sínu skriflega til kjörnefndar fyrir aðalfund eða til fundarstjóra aðalfundar eftir að aðalfundur hefst og tilgreina hvaða embætti þeir sækjast eftir. Öll fyrirliggjandi framboð til stjórnar og trúnaðarráðs skulu kynnt á vefsíðu félagsins. Kjörnefnd getur framlengt framboðsfrest ef svo ber undir.

3.4. Kosningar fara fram í þrennu lagi í þessari röð: 1) kjör formanns til eins árs; 2) kjör þriggja einstaklinga í stjórn til tveggja ára; 3) kjör tíu einstaklinga í sæti í trúnaðarráði til eins árs. Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og tekur hann þá þátt í kjöri skv. varaframboði sínu eða getur þá boðið sig fram í aðra stöðu sbr. gr. 3.3. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu.

3.4.1. Á fyrsta aðalfundi eftir að þessi grein tekur gildi skal kjörinn formaður til eins árs, þrjú einstaklingar í stjórn til tveggja ára og þrjú einstaklingar í stjórn til eins árs. Grein þessi fellur úr lögum að þeim aðalfundi loknum.*

3.5. Dagskrá aðalfundar er:

Skipan fundarstjóra og fundarritara

Lögmæti aðalfundar staðfest

Skýrslur stjórnar, trúnaðarráðs, nefnda og starfshópa

Áritaðir reikningar fyrra árs kynntir og bornir upp til samþykktar

Fjárhagsáætlun ársins lögð fram

Laga- og stefnuskrárbreytingar

Kjör formanns til eins árs

Kjör þriggja einstaklinga í stjórn til tveggja ára

Kjör tíu einstaklinga í trúnaðarráð til eins árs

Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga til eins árs

Önnur mál

3.6. Kjörnefnd tekur við skriflegum utankjörfundaratkvæðum frá félögum með gilt félagsskírteini til kjörs formanns, stjórnar og trúnaðarráðs frá því að til aðalfundar er boðað þar til aðalfundur hefst. Skal kjörnefnd auglýsa hvernig slíkum atkvæðum skal skila í aðalfundarboði. Greiði félagi atkvæði utan kjörfundar og mæti einnig á aðalfund skal atkvæði á aðalfundi eitt gilda.

3.7. Aðalfundur telst lögmætur hafi til hans verið boðað með lögmætum hætti og hið minnsta 15 félagsmenn sæki hann. Aðalfundi skal stjórnað samkvæmt almennum fundarsköpum.

3.8. Komi í ljós formgalli á aðalfundi eða boðun hans, skal boðað til fundarins að nýju án tafar. Að auki getur stjórn boðað aukaaðalfund hvenær árs sem er, þyki henni tilefni til. Skal þá auglýsa dagsetningu nýs aðalfundar með minnst sex vikna fyrirvara og boða til hans skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Opnað skal að nýju fyrir framboð til trúnaðarstarfa skv. gr. 3.3 og innsendingu lagabreytingatillagna skv. gr. 8.1.

4. STJÓRN

4.1. Stjórn samanstendur af formanni og 6 stjórnarmeðlimum. Stjórnarmeðlimir skipta með sér hlutverkum varaformanns, ritara, gjaldkera, alþjóðafulltrúa og tveggja meðstjórnenda.

4.2. Stjórnin fer með umboð félagsins og ákvörðunarvald næst aðalfundi og félagsfundi og kemur fram fyrir hönd þess.

4.3. Formaður er oddviti stjórnar og stýrir fundum hennar. Í samráði við stjórn ber hann ábyrgð á að starfsemi félagsins fari samkvæmt lögum. Varaformaður sinnir forystustörfum með formanni og gegnir störfum formanns í forföllum hans. Ritari sér um ritun fundargerða á stjórnarfundum. Gjaldkeri er ábyrgur fyrir fjárreiðum félagsins. Alþjóðafulltrúi hefur umsjón með alþjóðasamskiptum félagsins. Meðstjórnendur sinna öðrum verkum sem stjórn ákveður. Stjórn skal á fyrsta fundi sínum skipta með sér verkum og setja sér skriflegar verklagsreglur til að vinna eftir.

4.4. Stjórnin skal halda minnst 12 stjórnarfundum á ári. Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnar er á fundi, þar með taldir formaður eða varaformaður.

4.5. Trúnaðarráð skal kjósa áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans, sbr. 5.3. Áheyrnarfulltrúi á seturétt á öllum stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Ef stjórnarmaður forfallast skal áheyrnarfulltrúi taka sæti hans.

4.6. Ef stjórnarmaður hverfur úr stjórn á kjörtímabili skal trúnaðarráð skipa stjórnarmann í hans stað úr sínum röðum. Ef formaður hverfur úr stjórn á kjörtímabili skal varaformaður taka sæti hans. Ef varaformaður, gjaldkeri, ritari eða alþjóðafulltrúi hverfur úr stjórn skal stjórn skipa úr sínum röðum í embættið fram að næsta aðalfundi. Endurskipan í embætti innan stjórnar skal fara fram eftir að trúnaðarráð hefur tilnefnt nýjan stjórnarmeðlim.

4.7. Samþykktar fundargerðir stjórnar skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Þegar stjórn fjallar um viðkvæm trúnaðarmál skal halda utan um þau í sérstakri trúnaðarbók sem einungis er aðgengileg stjórn.

4.8. Stjórn skal tryggja að fræðslu- og útgáfumálum sé sinnt og í því skyni getur hún skipað framkvæmdanefndir. Stjórnin skal hafa forystu um að skapa félögum vettvang til að rækta félagslíf sitt, m.a. með rekstri félagsmiðstöðvar.

5. TRÚNAÐARRÁÐ OG HAGSMUNARÁÐ

5.1. Trúnaðarráð og hagsmunaráð eru samráðsvettvangur Samtakanna '78 og hagsmunafélaga þess.

5.2. Í trúnaðarráði sitja 10 fulltrúar kjörnir af aðalfundi. Hlutverk trúnaðarráðs skal vera fólgið í því að fjalla um málefni sem varða hagsmuni hinsegin fólks. Trúnaðarráð skal í samvinnu við stjórn vinna að stefnumótun Samtakanna '78. Stærri ákvarðanir stjórnar um stefnumál, hagsmuni og starfshætti félagsins skulu koma til umfjöllunar á vettvangi trúnaðarráðs áður en þeim er vísað til aðalfundar og/eða félagsfundar.

5.3. Fyrsti fundur trúnaðarráðs skal haldinn eigi síðar en tveimur vikum eftir aðalfund. Formaður stjórnar Samtakanna '78 skal stýra fundi þar til formaður trúnaðarráðs hefur verið kosinn. Skal kjör formanns trúnaðarráðs fara fram eins fljótt og hægt er. Að kjöri loknu skal formaður trúnaðarráðs taka við stjórn fundarins. Skal þá kjósa varaformann trúnaðarráðs, áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans. Trúnaðarráð skal setja sér skriflegar starfsreglur á fyrsta fundi sínum.

5.4. Formaður er oddviti trúnaðarráðs og stýrir fundum þess. Í samráði við trúnaðarráð ber hann ábyrgð á að starfsemi ráðsins fari samkvæmt lögum. Varaformaður sinnir forystustörfum með formanni og gegnir störfum formanns í forföllum hans. Formann skal kjósa til eins árs og hann skal ekki vera gjaldgengur til að taka sæti í stjórn Samtakanna '78, komi til þess að trúnaðarráð þurfi að skipa í hana.

5.5. Trúnaðarráð skal funda í það minnsta fjórum sinnum á ári og auk þess með stjórn tvisvar á ári. Fundir í trúnaðarráði eru lögmatir sé til þeirra boðað samkvæmt starfsreglum og meirihluti kjörinna fulltrúa sé á fundi. Samþykktar fundargerðir trúnaðarráðs skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

5.6. Hagsmunafélög hafa rétt til að skipa tvo fulltrúa í hagsmunaráð. Fulltrúar hagsmunaráðs þurfa að vera gildir meðlimir Samtakanna '78. Fulltrúar hagsmunaráðs hafa rétt til fundarsetu, málfrelsi og tillögurétt á fundum trúnaðarráðs og gæta þar hagsmuna sinna félaga. Hagsmunaráð kemur sér saman um fundarhöld og starfsreglur.

5.7. Trúnaðarráð og/eða hagsmunaráð geta óskað eftir fundi með stjórn. Stjórn getur einnig óskað eftir fundi með trúnaðarráði og/eða hagsmunaráði.

6. FÉLAGSFUNDUR

6.1. Félagsfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins á milli aðalfunda. Á félagsfundum hefur sérhver félagi rétt til að flytja mál varðandi félagið. Rétt til fundarsetu hafa einungis félagar með gilt félagsskírteini. Halda skal fundargerð félagsfunda. Fundur telst lögmatir sé löglega til hans boðað og hið minnsta 15 félagar sækja hann. Félagsfundi skal stýrt samkvæmt almennum fundarsköpum við afgreiðslu mála og í umræðum eftir því sem við á.

6.2. Stjórn skal boða til félagsfundar að vori og hausti og oftast ef þurfa þykir. Boða skal skriflega til félagsfunda með viku fyrirvara nema sérstakar aðstæður geri annað nauðsynlegt. Hið minnsta 15 félagar geta krafist þess að boðað sé til félagsfundar.

7. FJÁRMÁL

7.1. Félagsgjöld samkvæmt ákvörðun stjórnar skulu innheimt í upphafi árs. Félagar yngri en 24 ára og lífeyrisþegar greiða lægra félagsgjald, svo og aðrir hópar, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

7.2. Aðgangseyrir að viðburðum félagsins skal vera lægri gegn framvísun félagsskírteinis en annars. Félagsréttindi eru háð því að félagsgjöld séu greidd.

7.3. Gjaldkeri hefur eftirlit með innheimtu tekna félagsins. Allar fjármunahreyfingar fara fram á bankareikningum Samtakanna'78 sem gjaldkeri gerir grein fyrir í ársreikningum. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

7.4. Stjórn skal kynna drög að fjárhagsáætlun á félagsfundi í nóvember. Aðalfundur tekur fjárhagsáætlun til meðferðar, sbr. grein 3.5.

7.5. Stjórnin hefur umboð til að skipa launað starfsfólk, þar á meðal stjórnarliða. Hefðbundin stjórnarstörf skulu vera ólaunuð.

8. LAGABREYTINGAR OG FÉLAGSSLIT

8.1. Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn félagsins fjórum vikum fyrir aðalfund. Þær skulu síðan kynntar skriflega fyrir félögum minnst hálfum mánuði fyrir aðalfund. Undanþegnar þessum skilafresti eru tillögur sem lúta að orðalagi og formi en breyta á engan hátt efnislegu innihaldi áður framkominna tillagna. Lögum þessum verður ekki breytt nema með samþykkt á aðalfundi og þá með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

8.2. Félagið verður ekki lagt niður nema með samþykkt á aðalfundi sem hlotið hefur sömu meðferð og tillögur að lagabreytingum og þá með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg. Ber þá að eyða félagaskránni, en önnur gögn og eignir félagsins renna til skyldra félagasamtaka, þó ekki fyrr en eitt ár er liðið frá aðalfundi.

*Grein 3.4.1 gildir um aðalfund þann er haldinn skal í mars 2018 og fellur úr lögum að þeim fundi loknum.